

Framkvæmdaáætlun um stefnu
Íslands í
málefnum norðurslóða



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Tillögur þemahópa	5
Þemahópur A - Alþjóðlegt samstarf og skuldbindingar.....	6
Þemahópur B – Loftslagsbreytingar, vistkerfi og mengunarvarnir.....	14
Þemahópur C - Samfélag og innviðir	24
Þemahópur D - Uppbygging og framlag til málefna norðurslóða	39
Þemahópur E - Leit og björgun, fjarskipti, björgunarklasi	48
Samsetning þemahópa.....	55

Inngangur

Fyrsta stefna Íslands í málefnum norðurslóða byggði á þingsályktun Alþingis sem samþykkt var samhljóða 28. mars 2011. Frá árinu 2011 hafa orðið miklar og örur breytingar á norðurslóðum og ný stefna Íslands í málefnum norðurslóða var samþykkt með þingsályktun á Alþingi 19. maí 2021. Í þingsályktuninni er meðal annars kveðið á um að utanríkisráðherra móti áætlun um framkvæmd norðurslóðastefnunnar í samráði við aðra hlutaðeigandi ráðherra og upplýsi Alþingi um framgang málsins að fimm árum liðnum. Þess vegna var ákveðið að leggja út í opið samráðsferli, hvar sérfræðingum og hagaðilum yrði boðin þátttaka í að móta tillögur sem nýst gætu við gerð framkvæmdaáætlunar. Stefna Íslands frá 2021 inniheldur 19 stefnumið sem skipt var niður á fimm þemahópa og fimm valinkunnir einstaklingar voru fengnir til að stýra vinnu þeirra. Samráðsferlið skyldi jafnframt verða mikilvægur liður í að efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða og tækifæri fyrir sérfræðinga og hagsmunaaðila úr öllum áttum til að hafa áhrif á framtíð Íslands á norðurslóðum, og koma sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri. Norðurslóðanet Íslands, fyrir hönd og í nánú samráði við utanríkisráðuneytið, fór með skipulagningu samráðsferlisins.

Fundur með fulltrúum ráðuneyta var haldinn 10. febrúar 2022. Fundur með Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN) var haldinn 21. febrúar sama ár. Tilgangur þessara funda var að kynna verkefnið, óska eftir þátttöku í samráðsferlinu og leita hjálpar við að miðla upplýsingum um opna fundi og þemahópavinnu

Til að kynna samráðsferlið fyrir almenningi og fá þátttakendur í þemahópana var haldinn opinn fundur á blönduðu formi í mars 2022 á Akureyri. Um 95 voru skráðir til þátttöku á fundinum. Hópstjórar þemahópanna kynntu stefnumið sinna hópa og voru opnar hringborðsumræður og hugarflug með góðri þátttöku viðstaddra. Fundargestir voru hvattir til að skrá sig í þemahópana og gekk skráning vel. Hóparnir hófu störf á bilinu 25. apríl -18. maí og allir sendu fullunnar tillögur til Norðurslóðanetsins fyrir 15. september 2022. Í kjölfarið, 28. september, var haldinn opinn vinnufundur með sama formi og í mars, til kynningar á tillögum þemahópa. Vel var mætt á fundinn og góðar umræður sköpuðust um tillögurnar.

Alls voru 108 aðilar skráðir í þemahópana auk hópstjóra og starfsmanna og voru þátttakendur fulltrúar úr fræðasamfélaginu, stjórnkerfinu, einkageiranum og atvinnulífinu almennt. Kynjaskipting meðal þátttakenda í heildina var nokkuð jöfn. Alls bárust 78 tillögur frá þemahópunum. Tillögum er hvorki raðað í forgangsröð né eftir mikilvægi.

15. febrúar 2023 var boðað til fundar allra ráðuneyta í utanríkisráðuneytinu. Markmiðið með þeim fundi var að fá fram afstöðu þeirra til fyrirbyggjandi tillagna og komast að samkomulagi um hvaða tillögur ættu að vera í framkvæmdaáætlun. Í framhaldi af fundinum átti utanríkisráðuneytið tvíhliða fundi með fulltrúum flestra ráðuneyta og er sú áætlun sem hér er sett fram því afrakstur af yfirgripsmiklu samráði við ráðuneyti stjórnarráðsins og í raun við alla þá sem að málinu vildu koma.

Sú tillaga að framkvæmdaáætlun sem hér er sett fram byggir á skýrslu frá Norðurslóðaneti Íslands og þemahópum um framkvæmdaáætlunina. Efnid hefur þó verið styt og einfaldað, auk þess sem viðkomandi ráðuneyti hafa yfirfarið tillögurnar og samkvæmt þeirra ábendingum hefur utanríkisráðuneytið fjarlægt nokkurn fjölda tillagna af tillögulistanum og í einhverjum tilvikum gert breytingar á tillögum. Tekið skal fram að frá upphafi starfsins lá fyrir að endanlega ákvörðun um efni framkvæmdaáætlunarinnar yrði tekin í lok ferlisins að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Mismunandi ástæður geta verið fyrir því að tillögur eru teknar út, í mörgum tilvikum töldust þær of almennar til að eiga við í áætlun um norðurslóðamál, sumar tillögur voru þegar komnar til framkvæmdar eða voru í ferli, einhverjar tillögur voru teknar út þar sem þær þóttu betur eiga heima á vettvangi fjárlagagerðar og loks voru nokkrar sem einfaldlega féllu ekki að vilja eða stefnu viðkomandi ráðuneytis.

Utanríkisráðuneytið vill taka fram að þær tillögur sem hér eru settar fram endurspegla áherslur viðkomandi ráðuneyta en eru ekki eiginlegar ákvarðanir og hafa í flestum tilvikum ekki verið fjármagnaðar. Mikilvægt er að hafa í huga að orðalag og efnistöð framkvæmdaáætlunarinnar er alfarið á ábyrgð utanríkisráðuneytisins og þeirra ráðuneyta sem að málinu hafa komið og ætti ekki að rekja til þeirra sem stýrðu vinnu þemahópanna eða tóku þátt í starfi þeirra.

Utanríkisráðuneytið þakkar öllum þeim sem komið hafa að undirbúningi og framkvæmd þessarar vinnu fyrir framúrskarandi góð vinnubrögð.

Tillögur þemahópa

Alls voru 108 aðilar skráðir í þemahópana. Þátttakendur komu úr ýmsum áttum og mátti finna fulltrúa úr fræðasamfélaginu, stjórnkerfinu, einkageiranum og atvinnulífinu almennt.

Þemahópur	Stefnumið	Hópstjóri	Starfsmaður	Skráðir	Fjöldi tillagna
Þemahópur A – Alþjóðlegt samstarf og skuldbindingar	1, 2, 3, 4, 14, 15	Guðrún Þorbjörnsdóttir, sérfræðingur, utanríkisráðuneyti	Erla Ylfa Óskarsdóttir, sérfræðingur, utanríkisráðuneyti	15	6
Þemahópur B – Loftslagsbreytingar, vistkerfi og mengunarvarnir	5, 6, 7,8	Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags, Veðurstofu Íslands	Sveinbjörg Smáradóttir, verkefnastjóri, Norðurslóðanet Íslands	21	12
Þemahópur C – Samfélag og innviðir	9, 10, 11	Þorsteinn Gunnarsson, vísindafélagi, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Sveinbjörg Smáradóttir, verkefnastjóri, Norðurslóðanet Íslands	30	12
Þemahópur D – Uppbygging og framlag til málefna norðurslóða	16, 17, 18, 19	Ari Trausti Guðmundsson, fyrirverandi alþingismaður	Inga Hildur Jóhannsdóttir, upplýsingafulltrúi, Norðurslóðanet Íslands	21	8
Þemahópur E – Leit og björgun, fjarskipti og björgunarklasi	12, 13, 14	Sóley Kaldal, sérfræðingur á aðgerðarsviði, Landhelgisgæslu Íslands	Albert Guðmundsson, sérfræðingur, utanríkisráðuneyti	21	11

Vinnufyrirkomulag þemahópanna fimm var misjafnt sem og fjöldi funda og fyrirkomulag þeirra. Í flestum tilvikum var byrjað á almennum umræðum en hópnum svo skipt í smærri vinnuhópa sem tóku fyrir hvert stefnumið. Störfum flestra hópa lauk með sameiginlegum fundi þar sem farið var yfir allar tillögurnar í sameiningu. Í öllum tilfellum höfðu allir þátttakendur hvers hóps tækifæri til að gera athugasemdir við tillögurnar til enda.

Þemahópur A - Alþjóðlegt samstarf og skuldbindingar

Hið aukna mikilvægi norðurslóða í pólitísku, efnahagslegu, vistfræðilegu og öryggislegu tilliti - og hagsmunir Íslands þar að lútandi - kalla á aukna samhæfingu og samvinnu, bæði hér innanlands sem og í störfum Íslands á alþjóðavettvangi. Ísland er eina ríkið sem liggur í heild sinni innan norðurskautssvæðisins og Norðurskautsráðið er mikilvægasti vettvangurinn um samráð og samstarf á svæðinu.

Í samskiptum ríkja á norðurslóðum ber að virða alþjóðalög og leysa ágreiningsefni sem upp kunna að koma á friðsamlegan hátt á grundvelli þeirra. Fullnægjandi lagarammi og stofnanir eru til staðar. Í norðurhöfum, líkt og á öðrum hafsvæðum, gilda reglur hafréttar, þar á meðal Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn tekur til allra hafsvæða auk loftrýmisins yfir þeim, hafsbotsins og botnlaganna undir þeim. Hafréttarsamningurinn hefur meðal annars að geyma ákvæði um siglingar, fiskveiðar, nýtingu auðlinda landgrunnsins, afmörkun hafsvæða, varnir gegn mengun, hafrannsóknir og lausn deilumála. Á grundvelli samningsins geta strandríki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum átt rétt til landgrunns utan 200 sjómílna efnahagslögsögu sinnar. Landgrunninu tilheyra jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma svo og aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotsins eins og jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda.

Virða ber réttinn til að nýta auðlindir í samræmi við almenna skyldu allra ríkja til að vernda og varðveita líffræðilegan fjölbreytileika á norðurslóðum og víðar. Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD) gekk í gildi á Íslandi 1994. Markmið samningsins eru þrjú: að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar og tryggja ráðstöfunarrétt ríkja yfir erfðaauðlindum sínum og skiptingu hagnaðar af nýtingu þess. Samningurinn er mikilvægasta verkfærið til að varðveita líffræðilega fjölbreytni jarðar og náðið samstarf og samráð er um framkvæmd hans og annarra alþjóðlegra náttúruverndarsamninga.

Virðing fyrir réttindum frumbyggja og stuðningur við þau eru órjúfanlegir þættir í samstarfi Íslands á norðurslóðum. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja er ekki bindandi samkomulag en inniheldur þó margar grundvallarreglur sem bundnar eru í alþjóðalög auk metnaðar fyrir öflugum samstarfi við frumbyggja sem fullgildum samstarfsaðilum. Réttindi frumbyggja hvað varðar yfirráðasvæði þeirra og auðlindir gilda bæði um land- og hafsvæði sem frumbyggjar hafa byggt eða nýtt í aldanna rás.

Frá því að fyrsta norðurslóðastefna Íslands var samþykkt í mars 2011 hafa vísbendingar um alvöru loftslagsbreytinga á heimsvísu orðið sífellt sterkari. Jafnframt hefur kastljósið beinst enn frekar að þeirri sérstöku ógn sem steðjar að norðurslóðum vegna hraðrar hlýnunar. Hvergi í heiminum eru ummerki loftslagsbreytinga jafn sýnileg. Nefna má hopun jökla, minnkandi hafíspekju og þiðnun sífrera. Minnkandi hafíspekja eykur varmaupptöku norðurhafa sem aftur hraðar hækku sjávar- og lofthita. Það kallar á víðtækt alþjóðlegt samstarf, enda er

loftslagsváin áskorun án landamæra. Leggja verður áherslu á að ríki heims standi við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamningnum um loftslagsmál.

Mikilvægi borgaralegra öryggishagsmuna á norðurslóðum hefur aukist samfara ofangreindum breytingum. Sérstaklega þarf að gæta að umhverfis- og fæðuöryggi. Í því samhengi er brýnt að leggja áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og gæta varúðar í allri nýtingu auðlinda á norðurslóðum í því skyni að vernda hin viðkvæmu vistkerfi svæðisins. Mikilvægt er að nýting auðlinda grafi ekki undan sjálfbærri þróun á svæðinu heldur þjóni hún hagsmunum íbúa svæðisins og stuðli að bættum lífskjörum. Þar að auki er mikilvægt að styrkja borgaralegt öryggi með aðgerðum til að efla viðnámsþrótt samfélaga, s.s. með bættum viðbúnaði vegna slysa og umhverfisvá, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og bættum veðurspám.

Hópurinn tók fyrir efnisatriði 1, 2, 3, 4, 14 og 15 úr norðurslóðastefnunni:

1. Að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða á grundvelli þeirra gilda sem höfð hafa verið að leiðarljósi í íslenskri utanríkisstefnu, m.a. um frið, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.
2. Að styðja áfram við Norðurskautsráðið og efla það sem mikilvægasta vettvanginn til samráðs og samstarfs um málefni svæðisins.
3. Að leggja áherslu á friðsamlega lausn deilumála sem upp kunna að koma á norðurslóðum og að virða beri alþjóðalög, þar á meðal Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega mannréttindasáttmála.
4. Að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og taka mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
14. Að gæta, öryggishagsmuna á norðurslóðum á borgaralegum forsendum og á grundvelli þjóðaröryggisstefnunnar, vakta vel þróun í öryggismálum í samráði við aðrar Norðurlandþjóðir og önnur bandalagsríki Íslands í NATO, mæla gegn hervæðingu og vinna markvisst að því að viðhalda friði og stöðugleika á svæðinu. (Hvað viðkemur pólitísku milliríkjasamstarfi og borgaralegu öryggi, sjá einnig þemahóp E)
15. Að líta vaxandi áhuga aðila utan svæðisins á málefnum norðurslóða jákvæðum augum, að því gefnu að þeir virði alþjóðalög og stöðu norðurskautsríkjanna átta og fari fram með friðsamlegum og sjálfbærum hætti.

Tillaga A1. Efla samráð og samstarf meðal ríkja norðurslóða á alþjóðavettvangi.

Þemahópur: A	Ráðuneyti: UTN	Stefnumið númer: 1, 3, 4 og 14
--------------	----------------	--------------------------------

Efla samráð innanlands til að stuðla að markvissu samstarfi við ríki norðurslóða með það að markmiði að koma á framfæri sameiginlegum tillögum að aðgerðum er snúa að mikilvægi svæðisins m.a. í mótun regluverks og framsetningu yfirlýsinga á alþjóðavettvangi.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Efnahags og framfarastofnunin (OECD), Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO), Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO), Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES), Rammasamningurinn um loftslagsbreytingar (UNFCCC), Hafréttarsamningurinn (UNCLOS), Samningur um verndun sjávarumhverfis í Norðaustur-Atlantshafi (OSPAR), Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og Samningurinn um réttindi frumbyggja (UNDRIP) eru dæmi um alþjóðlegt samstarf þar sem tækifæri gefast til að efla sameiginlega aðkomu og samstöðu norðurskautsríkja með frið, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi.

Helstu áhersluatriðin eru eftirfarandi:

- Kortleggja aðkomu stjórnarsýslunnar/opinberra stofnana og viðeigandi hagsmunaaðila í þessum málefnum til að fá betri mynd af stöðu mála hér á landi.
- Halda reglulega samráðsfundi til að tryggja samfellt ferli og tryggja samlegðaráhrif forgangsmarkmiða Íslands á norðurslóðum.
- Tryggja samhljóm stjórnarsýslunnar á tillögum og forgangsmarkmiðum Íslands á alþjóðavettvangi.
- Stuðla að virku samtali og samráði stjórnarsýslunnar við hin norðurskautsríkin í alþjóðlegu samstarfi.

Tillaga A2. Fjölga samstarfssamningum í þágu vísindasamstarfs um norðurslóðir.

Þemahópur: A	Ráðuneyti: UTN/HVIN	Stefnumið númer: 1 og 15
--------------	---------------------	--------------------------

Fjölga samstarfssamningum í þágu vísindasamstarfs og kanna sérstaklega möguleika á að formfesta samstarf við frumbyggjasamtök, ríki Norðurskautsráðsins, auk áheyrnaraðila (ríki, alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök).

Síðan Alþingi samþykkti fyrstu stefnu Íslands í málefnum norðurslóða (í mars 2011) hefur verið skrifað undir nokkrar viljayfirlýsingar og fáeinir tvíhliða samstarfssamningar við erlend ríki, stofnanir og félagasamtök verið gerðir um aukna vísindasamvinnu á norðurslóðum.

Hvorki hefur verið gerð sérstök áætlun um við hverja væri æskilegast að efna til samstarfs né hvaða rannsóknasvið skuli sett í forgang. Fyrsta skrefið í þá átt var þó stigið með skýrslunni *Kortlagning norðurslóðarannsókna á Íslandi* sem gefin var út í nóvember 2020. Skýrslan var skrifuð í samstarfi Norðurslóðanets Íslands, Rannís og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Stefnt er að mótun rannsóknáætlunar um norðurslóðir þegar framkvæmdaáætlun fyrir nýju norðurslóðastefnuna liggur fyrir.

Á vordögum 2022 gerðu Grænland og Ísland með sér samkomulag um að efla samstarf um vísindarannsóknir sín á milli og er Rannsóknaráði Grænlands og Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) falið að fylgja því eftir. Samkomulagið felst í að styrkja samstarf á sviði vísindarannsókna, nýsköpunar og menntunar milli landanna tveggja. Samkomulagið setur gott fordæmi fyrir sambærilegt samstarf milli Íslands og annarra ákjósanlegra samstarfsaðila.

Hvatt er til að skoðuð verði sérstaklega sóknarfæri til að formfesta vísindasamstarf við frumbyggjasamtök Norðurskautsráðsins í því skyni að festa slíkt samstarf í sessi. Hingað til hefur Norðurskautsráðið verið helsti vettvangur samstarfs við frumbyggjasamtök á svæðinu en mikilvægt er að opna fleiri möguleika, s.s. með tvíhliða samstarfssamningum.

Tillaga A3. Efla samlegðaráhrif í svæðisbundnu samstarfi um norðurslóðir

Þemahópur: A	Ráðuneyti: UTN/HVIN	Stefnumið númer: 1, 2, 3 og 14
--------------	---------------------	--------------------------------

Efla þarf samlegðaráhrif svæðisbundins samstarfs um norðurslóðir með það að markmiði að koma á framfæri sameiginlegum tillögum að aðgerðum er snúa að mikilvægi svæðisins og vinna þeim brautargengi innan Norðurskautsráðsins og á alþjóðavettvangi eftir því sem við á.

Norrænt samstarf er mikilvægur þáttur í svæðisbundnu samstarfi Íslands um norðurslóðir. Um er að ræða mjög umfangsmikið og fjölþætt samstarf sem snertir á flestum þeim málefnasviðum sem Norðurskautsráðið vinnur að. Landfræðileg lega Norðurlanda og mikil þekking (t.d. meðal frumbyggja og staðbundin/arftekin þekking) á viðkvæmu umhverfi norðurslóða skapa sérstök skilyrði fyrir ríkin til að leggja sitt af mörkum varðandi málefni norðurslóða á alþjóðavettvangi. Sem dæmi má nefna norræna samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál, en Norðurlöndin hafa um árabíl átt með sér árangursríkt samstarf á þessu sviði sem hefur haft ýmsar framfarir í för með sér á Norðurlöndum og á alþjóðavísu (sjá viðbótargögn).

Í öllu svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi um norðurslóðir, s.s. Norrænu ráðherranefndinni, Barentsráðinu, Vestnorræna ráðinu og með svæðisbundnum fiskveiðistofnunum, þarf að leggja áherslu á þætti sem skapa mest samlegðaráhrif. Í því felst að ríki beri saman reynslu sína, safni og miðli upplýsingum, leiti sameiginlegra lausna, skipti með sér verkum og leggi fram tillögur og vinni þeim brautargengi innan Norðurskautsráðsins og á alþjóðavettvangi.

Tillaga A4. Efla upplýsingamiðlun um starf og verkefni

Norðurskautsráðsins

Þemahópur: A	Ráðuneyti: UTN	Stefnumið númer: 2
--------------	----------------	--------------------

Unnið verði skipulega að því að efla upplýsingamiðlun um starf og verkefni Norðurskautsráðsins bæði inn á við og út á við.

Innan vébanda Norðurskautsráðsins fer fram umfangsmikið starf, bæði pólitískt og faglegt. Í vinnuhópunum er unnið að mörgum mikilvægum verkefnum um málefni sem með beinum eða óbeinum hætti geta snert alla íbúa á norðurslóðum. Niðurstöður verkefnanna birtast oftast en ekki í skýrslum þar sem tiltekin viðfangsefni eru greind og settar fram hugmyndir eða tillögur um úrlausn þeirra. Þannig geta verkefni átt sinn þátt í að undirbyggja pólitíska stefnumótun.

Þegar verkefnum er ýtt úr vör er mikilvægt að fyrir liggi áætlun um hvernig miðla skuli niðurstöðum hvers og eins, markhópar skilgreindir og upplýsingaáætlun unnin með tilliti til mismunandi markhópa. Jafnframt er afar mikilvægt að niðurstöðum og tillögum sem oftast fylgja verkefnum sé miðlað inn á við, þ.e. innan stjórnarsýslunnar og vísindasamfélagsins og til annarra eftir því sem við á. Í því sambandi er mikilvægt að fulltrúar Íslands í vinnuhópum og verkefnum hafi skýrar línur um hlutverk sitt þar á meðal ábyrgð varðandi upplýsingamiðlun.

Fyrir Ísland, sem hefur mun færri fólki á að skipa en hin aðildarríki Norðurskautsráðsins, er mjög mikilvægt að reyna eftir mætti að taka þátt í verkefnum og nýta niðurstöður þeirra sem best, svo og þau samlegðaráhrif sem skapast við annað starf bæði innanlands og í öðru alþjóðlegu samstarfi ekki síst í norrænu samstarfi sem tekur til sama svæðis og vinnur að svipuðum verkefnum.

Tillaga A5. Styrkja starfsemi Norðurskautsráðsins innanlands

Pemahópur: A	Ráðuneyti: URN/UTN	Stefnumið númer: 1, 2 og 3
--------------	--------------------	----------------------------

Norðurskautsráðið er mikilvægasti vettvangur samstarfs og samráðs um málefni norðurslóða og því er það forgangsmál að styrkja starfsemi skrifstofa ráðsins hér á landi (CAFF og PAME), kynna betur starf þess innanlands, efla samráðsvettvang um málefni ráðsins og tryggja varanlega þátttöku sérfræðinga í starfi nefnda og verkefna á vegum þess.

Norðurskautsráðið er mikilvægasti vettvangur samstarfs og samráðs um málefni svæðisins. Ísland situr þar við sama borð og hin norðurskautsríkin sjö, auk fulltrúa frumbyggja, og tekur virkan þátt í starfi ráðsins. Vinnuhópar Norðurskautsráðsins eru sex og Ísland hýsir tvo af þeim, þ.e. Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF) og Protection of the Arctic Marine Environment (PAME). Skrifstofur CAFF og PAME hafa aðsetur á Akureyri. Ísland er því næst stærsta miðstöð Norðurskautsráðsins á eftir Tromsö í Noregi. Meginstarf Norðurskautsráðsins fer fram í gegnum vinnuhópana og hefur verkefnum CAFF og PAME fjölgað samhliða vaxandi umsvifum ráðsins. Mikilvægt er að Ísland tryggi öruggt rekstrarform skrifstofanna hér á landi til lengri tíma.

Í vinnuhópum og sérfræðinganefndum ráðsins er meðal annars unnið að vöktun, rannsóknum og mati á ýmsum undirstöðum sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum. Niðurstöður úr þessum verkefnum skila sér í tillögum sem ætlað er að leggja grunn að pólitískri stefnumótun. Framlag vinnuhópanna sex til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum er umtalsvert. Mikilvægt er að tryggja þátttöku sérfræðinga úr íslenskrri stjórnarsýslu (ráðuneytum eða undirstofnunum þeirra) í verkefnum ráðsins með það að markmiði að auka vægi og framlag Íslands í málefnum norðurslóða, bæði innanlands og í erlendu samstarfi.

Helstu áhersluatriðin eru eftirfarandi:

- Kynna starf Norðurskautsráðsins betur innanlands og auka samráð á milli stofnana með það að markmiði að fjölga íslenskum sérfræðingum í verkefnum á vegum ráðsins.
- Í kjölfar hvers ráðherrafundar er mikilvægt að gera samantekt yfir þau tilmæli sem brýnast er að framfylgja og setja ramma um verklag til að fylgja eftir þeirri forgangsöröðun.
- Tryggja öruggt rekstrarform skrifstofa Norðurskautsráðsins hér á landi til lengri tíma og setja þau í fjárlög ríkisins.
- Gera úttekt á því hvort að Ísland hafi staðið við skuldbindingar sínar sem hýsiríki miðað við það sem tíðkast erlendis.

Tillaga A6. Gæta að hagsmunum sem varða umhverfis- og fæðuöryggi á norðurslóðum

Pemahópur: A	Ráðuneyti: URN/MAR/UTN	Stefnumið númer: 3, 4 og 14
--------------	------------------------	-----------------------------

Aðgengi að norðurskautssvæðinu hefur batnað á síðustu árum vegna minnkandi hafíss í kjölfar hlýnunar á norðurslóðum. Mikilvægi öryggishagsmuna á norðurslóðum á borgaralegum forsendum þegar kemur að umhverfis- og fæðuöryggi hefur aukist samfara þessum breytingum.

Með minnkandi hafís á norðurslóðum skapast betra aðgengi að svæðinu og ásókn í auðlindir þess eykst. Standa þarf vörð um hagsmuni Íslands við breyttar aðstæður og mikilvægt að grípa til aðgerða til að vernda viðkvæm vistkerfi svæðisins, viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika þess og koma í veg fyrir að auðlindanýting á norðurslóðum grafi undan sjálfbærri þróun á svæðinu.

Með aukinni umferð á svæðinu aukast líkurnar á mengunarslysum, m.a. af völdum olíuleka, eiturefna, geislavirkra efna eða plastúrgangs. Einnig er súrnun sjávar staðreynd vegna aukinnar losunar CO₂ og hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á lífríki hafsins. Líklegt er talið að neikvæð áhrif súrnunar á lífríki og vistkerfi sjávar komi fyrr fram á íslenskum hafsvæðum en að jafnaði í heimshöfunum (sjá viðbótargögn).

Olíumengun í hafi á norðurslóðum er sérstakt áhyggjuefni þar sem olía brotnar hægt niður, lífríki er sérstaklega viðkvæmt, auk þess sem hafís og slæm veðurskilyrði torveldu hreinsun. Notkun svartolíu í skipasiglingum á norðurslóðum er því sérstakt áhyggjuefni þar sem hún losar meira af sóti og mengunarefnum út í andrúmsloftið við brennslu en aðrar olíutegundir. Sótmengun í andrúmslofti ógnar heilsu manna og sótagfir sem setjast á ísbreiður hraða auk þess hlýnunar með því að draga í sig varma og flýta þannig bráðnun. Í því skyni að draga úr notkun svartolíu við Ísland hefur verið sett reglugerð sem felur í sér bann við notkun svartolíu innan landhelgi Íslands. Hún tók gildi 1. janúar 2020.

Í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum er auk þess unnið að mörgum verkefnum sem ætlað er að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í haftengdri starfsemi. Ísland leggur áherslu á ábyrga fiskveiðistjórn og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Ísland er aðili að Norður-Íshafssamningnum sem felur í sér skuldbindingu um að hefja ekki veiðar í atvinnuskyni á þeim svæðum Norður-Íshafsins sem teljast vera úthaf meðan vísindaleg óvissa ríkir um hvort og hvernig stunda megi slíkar veiðar með sjálfbærum hætti. Jafnframt skapar samningurinn ramma um hvernig taka megi næstu skref ef vísindalegar upplýsingar styðja að hefja megi veiðar, að teknu tilliti til viðeigandi sjónarmiða varðandi stjórn fiskveiða og áhrifa á vistkerfið. Þó að veiðar á þessu hafsvæði hafi hingað til verið útilokaðar vegna hafíss er möguleiki á því að loftslagsbreytingar geti haft þau áhrif að umræðan um mögulegar

úthafsveiðar á þessu svæði breytist á næstu árum eða áratugum. Því er mikilvægt að Ísland sé í fararbroddi um sjálfbæra nýtingu og verndun á svæðinu byggða á vísindalegum grunni.

Fjöldi alþjóðlegra samninga um sjávarútveg, vöruflutninga og lífríki hafsins undirstrika réttindi og skyldur á öllum hafsvæðum og taka þeir einnig til norðurslóða.

Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1995 tryggir reglur um fiskveiðistjórnun, þar með talið fyrir utan 200 mílna efnahagslögsögu. Í samningnum má einnig finna meginreglur um verndun og stjórnun fiskveiðistofna. Í samningnum eru skilyrði um að ríki stofni og viðhaldi svæðisbundinni fiskveiðistjórnun til að safna saman sýnum og gögnum auk ákvæða um veiðar á sameiginlegum fiskistofnum sem ferðast milli efnahagslögsögu og úthafs.

Ljóst er að loftslagsbreytingar og ósjálfbær nýting náttúruauðlinda hafa margvísleg neikvæð áhrif á fæðuöryggi, þar með talið landbúnað og aðra uppsprettu og vinnslu mikilvægra matvæla. Það er því fleira en sjávarútvegur og fiskveiðar sem er undir.

Mikilvægt er að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum og verði leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu og orkuskiptum líkt og lagt hefur verið upp með í orkustefnu Íslands til 2050. Umskipti yfir í lágkolefnishagkerfi verða að vera í samræmi við þjóðarétt, þar á meðal réttindi frumbyggja.

Helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

- Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar er varða líffræðilega fjölbreytni Convention on Biological Diversity (CBD),
- Ísland miðli reynslu og þekkingu á endurnýjanlegum orkugjöfum, s.s. virkjun fallvatna og jarðvarma, á alþjóðavettvangi og í tvíhliða samstarfi.
- Ísland beiti sér fyrir markvissum og samræmdum aðgerðum norðurskautsríkjanna í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi um að draga úr brennslu og flutningi á svartolíu í norðurhöfum, t.a.m. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Leggja þarf áherslu á vistvæn orkuskipti í samgöngum jafnt á sjó, landi og í lofti.
- Ísland setji í forgang þáttöku í gerð rannsóknáætlunar Norður-Íshafssamningsins (Central Arctic Fisheries Agreement).

Þemahópur B – Loftslagsbreytingar, vistkerfi og mengunarvarnir

Undir þemahóp B heyrja loftslagsbreytingar, vistkerfi og mengunarvarnir og atriði tengd honum voru í stefnumiðum 5 – 8 í þingsályktunartillögunni.

5. Að leggja áherslu á að sporna gegn loftslagsbreytingum og bregðast við neikvæðum áhrifum þeirra á norðurslóðum.
6. Að setja umhverfisvernd í öndvegi, þar á meðal verndun lífríkis norðurslóða og líffræðilegrar fjölbreytni.
7. Að standa vörð um heilbrigði hafsins, þar á meðal vinna gegn ógnum sem felast í súrnun sjávar og hvers konar mengun í hafi.
8. Að leggja áherslu á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á norðurslóðum, þar á meðal hætta brennslu svartolíu í siglingum, að bæta aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum og efla aðgerðir sem tryggja orkuskipti.

Tillaga B1. Hraða samdrætti losunar CO₂ og efla samstarf norðurskautsríkjanna

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/UTN/IRN	Stefnumið númer: 5
--------------	------------------------	--------------------

Fara í margþættar aðgerðir sem miða að því að draga úr losun á CO₂ á Íslandi og vinna að minni losun á heimsvísu á alþjóðavettvangi.

Loftslagsbreytingar hafa á liðnum áratugum haft áhrif á náttúru og samfélög á öllum meginlöndum og um öll heimsins höf. Með áframhaldandi losun gróðurhúsalofttegunda munu breytingar halda áfram. Hlýnunin magnast á norðurslóðum og áhrifin þar á náttúruleg og félagsleg kerfi eru mjög mikil. Meðal áhrifa sem eru meiri nærri Íslandi en annarsstaðar er súrnun sjávar sem er bein afleiðing þess að yfirborðssjór tekur upp hluta útblásturs CO₂ út í andrúmsloft jarðar. Hreinlegasta leiðin og sú mikilvirkasta til að bregðast við neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga er einfaldlega að takmarka þær sem frekast er unnt með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloft jarðar.

Aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna náðu í París 2015 samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo hnattræn hlýnun takmarkaðist við 2°C, en jafnframt skyldi leita leiða við að takmarka hlýnunina við 1,5°C. Mikilvægt er að hafa í huga að vegna mögnunar hnattrænnar hlýnunar á norðurslóðum getur þetta þýtt hlýnun á bilinu 3 – 4 °C þar. Áhrifin verða því enn meiri þar og að sama skapi þær áskoranir sem þarf að mæta.

Í Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum frá 2020 var gert ráð fyrir 40% samdrætti þeirrar losunar sem er á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030, og þetta var uppfært í samstarfssáttmála

Ríkisstjórnar Íslands frá 2021 en þar kemur fram að sett verði landsmarkmið um 55% samdrátt á losun á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030 miðað við árið 2005. Markmið íslensku þjóðarinnar eru mjög metnaðarfull, og mikilvægt er að einarðlega verði að þeim unnið svo þau náist. Einnig þarf Ísland að standa vörð um Parísarsamkomulagið ásamt samstarfsþjóðum til að tryggja að hnattrænn samdráttur í losun verði sá sem stefnt var að. Það mun veita viðspyrnu fyrir aðrar aðgerðir gegn loftslagsvánni sem taldar eru upp þessu skjali.

Tillaga B2. Ísland hafni frekari leit að jarðefnaeldsneyti í efnahagslögsögu Íslands og hvetji til þess að vinnslu jarðefnaeldsneytis á norðurslóðum verði hætt

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/UTN	Stefnumið númer: 5
--------------	--------------------	--------------------

Stefnt verði að því að banna leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis í efnahagslögsögu Íslands til frambúðar og aðrar norðurslóðarþjóðir verði hvattar til að gera slíkt hið sama.

Ein öflugasta leiðin til að sporna gegn loftslagsbreytingum er að stöðva olíuvinnslu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ríkisstjórnin muni ekki gefa út nein leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands. Hér er lagt til að bann við leit að jarðefnaeldsneyti í íslenskri lögsögu verði innleitt til frambúðar. Jafnframt er lagt til að Ísland beiti sér fyrir því að þjóðir á norðurslóðum geri slíkt hið sama. Slíkt bann er mikilvæg leið til að koma í veg fyrir aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda.

Tillaga B3. Samstarf um aðlögun að loftslagsbreytingum

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/HVIN/IRN	Stefnumið númer: 5
--------------	-------------------------	--------------------

Ísland beiti sér fyrir samstarfi um aðlögun að loftslagsbreytingum á norðurslóðum til að draga úr þeim vandamálum sem þeim kunna að fylgja.

Loftslagsbreytingar munu hafa mikil áhrif á umhverfi og lífsskilyrði á norðurslóðum. Jafnvel þó þjóðir norðurslóða nái árangri í að draga úr losun verður eftir sem áður þörf á því að aðlagast þeim breytingum sem ekki verða umflýjanlegar. Víða á norðurslóðum eru loftslagsbreytingar hraðari og umfangsmeiri en sunnar á hnettinum og áhrifin að sama skapi mikil. Einnig þýðir staða þjóðfélaga og lífríkis á norðurslóðum að áhrifin eru slík að erfitt er að bera þau saman við afleiðingar utan norðurslóðasvæðisins, og öðruvísi aðlögunar þörf. Þrátt fyrir að Norðurskautsráðið hafi beitt sér fyrir vinnu í málaflokknum hefur nokkuð skort á aðgerðir sem miða að aðlögun að loftslagsbreytingum.

Hér er lagt til að Ísland beiti sér fyrir samstarfi þjóða á norðurslóðum um að meta aðlögunarþörf og gera lista um nauðsynlegar og framkvæmanlegar aðgerðir sem grípa má til.

Tillaga B4. Aðgerðir gegn framandi ágengum tegundum

Demahópur: B	Ráðuneyti: URN/MAR	Stefnumið númer: 6
--------------	--------------------	--------------------

Efla til muna rannsóknir, vöktun og viðbrögð við aukinni útbreiðslu framandi, ágengra tegunda á Íslandi og meta sérstaklega áhrif á lífríki norðurslóða.

Ísland er landfræðilega afskekkt en þrátt fyrir það berast hingað stöðugt nýjar framandi tegundir, bæði dýr og plöntur. Margar þeirra eru fluttar viljandi til landsins og notaðar í landbúnaði, garðrækt, skógrækt, eldi, sem gæludýr o.fl. Aðrar berast hingað óviljandi með fólki, skipaumferð og vöruflutningum. Ásamt eyðingu búsvæða og loftslagsbreytingum teljast framandi, ágengar tegundir til helstu ógna við líffræðilegan fjölbreytileika í heiminum. Flestar þessara framandi tegunda hafa lítil sem engin áhrif í nýjum heimkynnum. Lítil hluti þeirra hefur orðið ágengur í nýjum heimkynnum og í þeim tilfellum valda tegundirnar breytingum á vistkerfum og ógna líffræðilegum fjölbreytileika. Einnig geta þær valdið verulegu umhverfislegu, efnahagslegu eða heilsufarslegu tjóni. Ein afleiðing loftslagsbreytinga er að aðstæður og möguleikar fyrir framandi tegundir til að þrífast hér á landi muni breytast, sem eykur við þessa vá.

Rannsóknir og vöktun á framandi ágengum tegundum hér á landi er verulega ábótavant og þótt útbreiðsla stakra tegunda sé ágætlega þekkt t.d. alaskalúpínu, telst það til undantekninga. Þá er einnig mikill skortur á eftirliti með innflutningi framandi tegunda og regluverk vanþróað. Vísbendingar eru um hraða aukningu á útbreiðslu framandi tegunda einkum plöntutegunda á landi sem og dýrategunda í sjó og fersku vatni. Mikil þörf er á að efla vöktun og mat á áhrifum þessara tegunda. Útbúa þarf lista yfir framandi tegundir sem teljast ágengar eða mögulega ágengar á Íslandi. Byggja þarf ákvarðanir um ágengni á hættumati og því nauðsynlegt að tryggja betri þekkingu um vistfræðileg áhrif af aukinni útbreiðslu þeirra. Á vettvangi stefnu um málefni norðurslóða þarf að leggja áherslu á að hættumatið taki til skoðunar áhrif framandi ágengra tegunda á Íslandi á lífríki norðurslóða. Horfa má til stefnumótunar á vettvangi CAFF í þessu sambandi.

Móta þarf heildstæða aðgerðaáætlun til að bregðast við þeirri ógn sem stafar af framandi ágengum tegundum. Skilgreina þarf nauðsynlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir landnám og stemma stigu við útbreiðslu. Sérstaklega þarf að gæta að því að viðkvæm og verðmæt vistkerfi og/eða tegundir séu vernduð fyrir neikvæðum áhrifum framandi ágengra tegunda.

Tillaga B5. Vöktun breytinga á lífríki norðurslóða

Þemahópur: B	Ráðun.: URN/HVIN/MAR	Stefnumið númer: 6
--------------	----------------------	--------------------

Koma á fót vistkerfisvöktun með heildstæðri langtímavöktunaráætlun og innleiða og fylgja eftir alþjóðlegum skuldbindingum og áherslum í vöktun lífríkis norðurslóða.

Að vakta náttúrulegar breytingar er flókið viðfangsefni og mikilvægt er að reyna að ná skilningi á tengslum og samspili milli ólíkra umhverfisþátta (bæði lífrænna og ólífrænna) með heildstæðri vistfræðilegri nálgun. Mikilvægt er að beita fjölþátta vöktun innan sama rannsóknarsvæðis/vistkerfis. Framkvæma þarf margar athuganir á tilteknu svæði á sama tíma, t.d. á ólíkum tegundum, lífverusamfélögum, vistgerðum sem og mælingum á ólífrænum þáttum, svo sem efna- og eðlisfræðilegum, veðurfarslegum þáttum o.fl. Þannig fæst ákveðin heildarmynd af stöðu vistkerfa á rannsóknartímanum og hægt að greina hvernig áhrif tiltekinn umhverfisbreytinga, náttúrulegra eða af mannavöldum, á ólík vistkerfi, vistgerðir og lífveruhópa eða tegundir innan sama svæðis eiga sér stað.

Circumpolar Biodiversity Monitoring Programme (CBMP) er verkefni vinnuhópsins CAFF sem starfar undir Norðurskautsráðinu. Tilurð CBMP má meðal annars rekja til útgáfu rits um líffræðilega fjölbreytni á norðurslóðum, Arctic Biodiversity Assessment (ABA) þar sem gerð var úttekt á þekkingu og stöðu lífveruhópa á norðurslóðum. Þar var meðal niðurstaðna að þörf væri á heildstæðri vöktun lífríkis norðurslóða til þess að leggja mætti mat á þær breytingar sem eru að eiga sér stað á svæðinu á heildrænan hátt. CBMP leggur því þannig upp heildstæða lífríkisvöktun sem byggir á fjórum meginvistkerfum norðurslóða, ferskvatni, hafi, þurrlendi og strandsvæðum.

Mörg mikilvæg vöktunarverkefni eru starfrækt héraendis þó aukið fjármagn þurfi í langtíma vaktanir og rannsóknir á lífríki norðurslóða. Mikilvægt er að samræma innlenda vöktun við áherslur og markmið í alþjóðlegum skuldbindingum og tryggja þeim fjármagn.

Tillaga B6. Kortlagning líffræðilegs fjölbreytileika

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/MAR	Stefnumið númer: 6
--------------	--------------------	--------------------

Kortleggja mismunandi gerðir líffræðilegs fjölbreytileika á landi og innan íslenskrar lögsögu og tengingar út fyrir hana.

Í allri ákvarðanatöku um vernd líffræðilegs fjölbreytileika er mikilvægt að skilningur sé á ólíkum gerðum líffræðilegs fjölbreytileika og hvernig sá breytileiki dreifist í tíma og rúmi. Til dæmis getur breytileiki í tíma tengst árstíðum (t.d. ef horft er á plöntusvif í sjó). Í rúmi geta

umhverfis- eða aðrir vistfræðilegir þættir leitt til mikils munar í líffræðilegum fjölbreytileika. Þá hefur rask og álag þegar haft mikil áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á mörgum svæðum. Hluti vandans er samt ónóg þekking á dreifingu breytileikans og er kortlagning hans því mikilvægt skref til upplýstrar ákvarðanatöku.

Heildstæð kortlagning á ólíkum gerðum líffræðilegs fjölbreytileika undirbyggir aðgerðir til verndar fjölbreytileika og stuðlar að upplýstum ákvörðunum um verndaraðgerðir. Slík kortlagning skapar grundvöll til að búa til skýr markmið með hverri verndaraðgerð. Sem dæmi má nefna að mismunandi verndaraðgerðum getur verið ætlað að vernda ólíkar gerðir fjölbreytileika og t.d. getur tilgangur með friðun tengst verndun á tegundafjölbreytileika, verndun á viðkvæmum búsvæðum, eða verndun á uppeldissvæði fjölbreyttra lífvera.

Nánari útlitun á verkefninu:

- Skilgreina helstu gerðir líffræðilegs fjölbreytileika sem er þörf á að vernda (t.d. tegundabreytileiki, erfðabreytileiki, búsvæðabreytileiki, breytileiki í eiginleikum lífvera (trait diversity), beta-breytileiki (beta-diversity) o.fl.).
- Safna saman upplýsingum sem eru til staðar um þær gerðir líffræðilegs fjölbreytileika sem áætlað er að kortleggja og meta hvaða þekkingu er helst ábótavant
- Kortleggja helstu flokka líffræðilegs fjölbreytileika í rúmi (og tíma ef það á við). Þannig er hægt að finna “hot-spots” þar sem mikilvæg gerð líffræðilegs fjölbreytileika þarfnast verndar og svæði sem teljast líffræðilega fjölbreytt m.t.t. margra gerða líffræðilegs fjölbreytileika.

Þannig er lagt til að kortleggja mismunandi gerðir líffræðilegs fjölbreytileika á landi og innan íslenskrar lögsögu og einnig að rannsaka að hversu miklu leyti þær tengjast út fyrir lögsöguna til norðurslóða.

Tillaga B7. Aukin vöktun og rannsóknir á mengandi efnum og manngerðum efnum í hafinu og aukin þátttaka í samstarfi

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/UTN/MAR	Stefnumið númer: 7
--------------	------------------------	--------------------

Ísland auki vöktun og rannsóknir á mengandi efnum og manngerðum efnum í hafinu og auki þátttöku í samstarfi á þessum vettvangi.

Hér á landi er vöktun með tilliti til þungmálma, þrávirkra lífrænna efna, næringarefna, plasts o.fl. framkvæmd í hafi, lofti, úrkomu, straumvötnum og lífríki (þorski, kræklingi, nákuðungum og fýlum) bæði vegna skuldbindinga OSPAR - samningsins og laga um stjórn vatnamála en þau skarast þar sem bæði ná yfir strandsjó. OSPAR vöktun hefur staðið yfir frá

1990 en fyrsta vatnaáætlun Íslands hefur nýlega verið samþykkt ásamt vöktunar- og aðgerðaáætlunum til næstu 6 ára. Í vöktunaráætluninni eru skilgreind 8 strandsjávarvatnshlot sem þyrfti að vakta til að mæta lágmarkskröfum framkvæmdar laga um stjórn vatnamála. Einungis fjögur þessara strandsjávarvatnshlota er áætlað að vakta á næstu 6 árum sökum takmörkunar á fjármögnun. Rétt er að hafa í huga að ekki er víst að tíðni vöktunar sé sú sama vegna skuldbindinga OSPAR og í lögum um stjórn vatnamála þó um sé að ræða sama efni. Sífellt bætast við ný efni sem berast út í umhverfið t.d. lífræn brómsambönd, önnur efni á lista yfir forgangsefni sem vakta þarf auk þess sem kanna þarf tilvist nýrra efna og efnasambanda í hafinu og lífríki til að meta hvort ástæða sé til að fylgjast með þróun þeirra. Nefndir á vegum OSPAR gera mat á þróun og ástandi í þeim málaflokkum sem undir þær falla auk þess sem OSPAR gerir reglulega (ca. á 10 ára fresti) ástandsskýrslu (Quality Status Report - QSR) sem að mestu leyti byggir á samræmdum vöktunargögnum sem aðildarlöndin hafa sent inn. Ísland gerir ekki reglulegar sjálfstæðar úttektir á stöðu mála hér á landi og úr því þarf að bæta. Erlent samstarf á þessum vettvangi er t.d. hjá OSPAR (HASEC nefndin), ICES og AMAP. Hafsvæðið kringum Ísland tilheyrir Svæði I (Arctic Waters) innan OSPAR og fellur það allt innan þess svæðis sem AMAP tekur til. Því nýtast gögnin bæði fyrir OSPAR og okkar hafsvæði innan norðurskautssamstarfsins.

Með hliðsjón af framansögðu þarf Ísland að hafa betri yfirsýn yfir málaflokkinn og gera betur í að framfylgja samkomulagi við aðrar þjóðir um eftirlit og vöktun. Þessu má ná fram með því að fela tilteknum aðila umsjón hans, að halda utan um mengunarmál í hafinu og tryggja samráð. Auk fjármagns og tíma í málaflokkinn þarf líka að auka getu til að fylgjast betur með eignum eftir þörfum.

Tillaga B8. Gerð úttektar á neikvæðum áhrifum súrnunar sjávar á vistkerfi við Ísland

Þemahópur: B	Ráðun.: URN/HVIN/MAR	Stefnumið númer: 7
--------------	----------------------	--------------------

Meta hraða sýrustigsbreytinga á ólíkum búsvæðum á íslenska landgrunninu til að skilgreina þau búsvæði sem eru líkleg til að verða fyrst fyrir neikvæðum áhrifum vegna súrnunar sjávar.

Líklegt er að súrnun sjávar verði hraðari á norðurslóðum heldur en víðast hvar annars staðar í heimshöfunum en það stafar af náttúrlega lágu mettnarstigi kalsíum karbónats (kalks), undirnettun yfirborðslaga sjávar m.t.t. CO₂ og hærri leysni CO₂ í köldum sjó. Breytingar á umhverfi hafsins, einkum súrnun sjávar og hlýnun, eru helstu ógnir sem steðja að lífríki hafsins á norðurslóðum og mettnarstig kalsíum karbónats er þegar lágt á landgrunninu norðan Íslands.

Þessi aðgerð fæli í sér samantekt upplýsinga um dreifingu ólíkra búsvæða á landgrunninu og söfnun upplýsinga um breytileika í sýrustigi á þeim svæðum. Upplýsingar um búsvæði og dreifingu viðkvæmra lífvera væru settar fram á formi kortagagna. Kortlögð yrðu svæði m.t.t. allra álagsþátta, ekki einungis súrnunar sjávar. Ef fara á í aðgerðir til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika eða viðkvæm búsvæði þá er mikilvægt að horfa til allra álagsþátta en með því að fækka álagsþáttum eða minnka álag af þeirra völdum (t.d. mengunarálagi eða veiðiálagi) mætti styrkja vistkerfi/búsvæði/lífriki í að takast á við annarskonar álag (s.s. súrnun sjávar).

Aðgerðin fæli í sér kortlagningu búsvæða/líffræðilegs fjölbreytileika og þeirra álagsþátta sem eru til staðar (cumulative impact analysis, sjá t.d. Lonsdale o.fl. (2020)). Færi fram greining á því hvar álag af völdum eins eða fleiri álagsþátta er mikið og hvar álag er líklegt til að aukast, vera óbreytt eða minnka. Greina þarf svæði sem gætu virkað sem verndarsvæði (refugia) fyrir líffræðilegan fjölbreytileika eða einstakar lífverur (sjá t.d. Kapsenberg og Cyronak (2019)).

Tillaga B9. Efla getu til þess að meta áhættu og ágóða af aðgerðum sem miða að því að fjarlægja koldíoxíð úr lofti eða sjó

Demahópur: B	Ráðuneyti: URN/HVIN	Stefnumið númer: 7
--------------	---------------------	--------------------

Gera úttekt á þeim möguleikum og þeirri áhættu sem felast í mótvægisáðgerðum sem miða að því að fjarlægja koldíoxíð úr andrúmslofti eða sjó og hefja nauðsynlegar rannsóknir.

Mikil nýsköpun er í gangi á alþjóðavettvangi við þróun aðferða sem eiga að draga koldíoxíð/ólífrænt kolefni úr andrúmslofti eða sjó. Er sú þróun í takt við niðurstöður IPCC vinnunefnda II og III þar sem mikilvægt er að huga að aðferðum við að fjarlægja koldíoxíð (eða aðrar gróðurhúsalofttegundir) úr kerfum jarðar til þess að sporna við hraða loftslagsbreytinga. Í auknum mæli er horft til Íslands með mögulegar tæknilegar lausnir.

Rannsaka þarf í hve miklum mæli og undir hvaða skilyrðum hægt er að beita tækni sem miðar að Carbon enhancement, niðurdælingu CO₂ í basalt á hafsbotni (t.d. Carbfix (Snæbjörnsdóttir o.fl. (2016)), og umfangsmikilli ræktun stórpörunga (<https://www.runningtide.com/>). Þá má einnig nefna milliliði um aðferðir og aðgerðir eins og íslenska fyrirtækisins Transitions Labs (<https://transitionlabs.is/>). Í ljósi nýnæmis aðgerðanna er mikil óvissa um hver áhrif slíkra aðgerða kunna að vera á vistkerfi sjávar. Sumar þeirra kunna að valda frekara álagi á vistkerfin en sem dæmi þá gæti sú aðgerð að sökkva lífrænu efni í miklu magni niður á botnlög djúpsjávar valdið þar lækkuðum styrk á súrefni og lægra sýrustigi. Þörf er á þekkingarsköpun á þessu sviði.

Lagt er til að gerð verði úttekt á kostum og göllum ólíkra aðferða, þekking kortlögð svo móta megi rannsóknaráætlun og aðgerðir.

Tillaga B10. Vinna að bættum fráveitumálum á norðurslóðum

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/IRN	Stefnumið númer: 7
--------------	--------------------	--------------------

Hluti mengunar á norðurslóðum stafar af ófullnægjandi fráveituhreinsun. Mikilvægt er að Ísland sýni gott fordæmi í þessum málum og vinni með nágrannaþjóðum að því að draga úr þessari uppsprettu mengunar.

Efla og bæta fráveituhreinsun á landinu öllu svo að Ísland standist alþjóðlegar reglugerðir um fráveitu. Mikilvægt er að byrja strax að efla hreinsun og tryggja að við uppfylfum nútímakröfur. Léleg meðferð skólps veldur alvarlegum og stundum varanlegum skaða á vistkerfi hafsins. Léleg fráveituhreinsun getur valdið margskonar mengun, t.d. örplastmengun, ofauðgun, efnamengun og öðrum neikvæðum áhrifum.

Tillaga B11. Vinna að samvinnu þjóða á norðurslóðum um að stöðva plastlosun í sjó

Þemahópur: B	Ráðuneyti: URN/UTN/MAR	Stefnumið númer: 7
--------------	------------------------	--------------------

Gerð tillaga um að Ísland beiti sér fyrir samstarfi norðurslóðaþjóða um gerð alþjóðasamnings til að stöðva losun plasts í sjó.

Stór hluti af því rusli sem finna má í fjörum á norðurslóðum er plast, sérstaklega frá skipum. Þrátt fyrir alþjóðlegt samstarf um að draga úr slíkri losun er vandinn enn mikill. Á vegum OSPAR samningsins hefur verið fylgst með plastrusli í fjörum og á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í Reykjavík 2021 var samþykkt vöktunaráætlun fyrir plastrusl og örplast á norðurskautssvæðinu. Þá hafa norrænir umhverfisráðherrar lýst því yfir að þörf sé á alþjóðlegum samningi til að takast á við vandann og samningaviðræður um alþjóðlegan samning eru yfirstandandi á vettvangi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Hér er gerð tillaga um að Ísland beiti sér fyrir samstarfi norðurslóðaþjóða um gerð alþjóðasamnings til að stöðva losun plasts í sjó.

Tillaga B12. Banna brennslu og flutning á svartolíu innan 200 mílna lögsögu Íslands

Demahópur: B	Ráðuneyti: URN/IRN	Stefnumið númer: 8
--------------	--------------------	--------------------

Í samræmi við ályktun um stefnu í málefnum norðurslóða verði stefnt að því að hætta brennslu svartolíu í norðurhöfum.

Í þingsályktunartillögu Alþingis frá maí 2021 um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða segir að leggja skuli áherslu á að hætta brennslu svartolíu. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m.a.:

Mikilvægt er að norðurskautsríkin leggist á eitt um markvissar aðgerðir til að draga úr og á endanum banna brennslu og flutning svartolíu í norðurhöfum, og beiti sér í þá veru á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Leggja þarf áherslu á vistvæn orkuskipti í samgöngum jafnt á sjó, landi og í lofti.

Ísland getur tekið einhliða ákvörðun um að banna bruna og flutning á svartolíu innan 12 mílna landhelgi. Til þess þarf ekki samþykki alþjóðlegra stofnana eða annarra ríkja. Á hinn bóginn, þarf samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, til að Ísland geti bannað svartolíu innan 200 mílna efnahagslögsögu landsins. Hið sama gildir um bann við svartolíu á norðurslóðum.

Í rúman áratug hefur losun sóts frá skipum verið til umræðu innan IMO. Stofnunin samþykkti slíkt bann í suðurhöfum og tók það gildi 2011. Í nóvember 2021 samþykkti IMO ályktun þar sem ríki og rekstraraðilar skipa eru hvattir til að velja það að nota eimað eða annað hreinna óhefðbundið eldsneyti eða aðferðir sem leiða til minni losunar sóts þegar skipin sigla innan eða í nágrenni við hafsvæði norðurskautssvæðisins.

Bann við notkun svartolíu var fyrst og fremst sett vegna hættunnar á skaðlegum áhrifum á umhverfi og lífríki við olíuóhapp. Árið 2021 samþykkti IMO bann við notkun og flutningi á svartolíu sem eldsneytis innan hafsvæðis norðurskautssvæðisins (svæðis sem Pólkóðinn gildir um) en bannið tekur gildi árið 2024 með undantekningum og að fullu árið 2029.

Í desember 2019 setti umhverfisráðherra reglugerð um innihald brennisteins í skipaolíu innan 12 mílna landhelgi Íslands. Í henni eru undanþáguákvæði fyrir skip sem hafa tilskilinn hreinsibúnað um borð (e. scrubber) og á að hreinsa út brennistein úr útblæstri skipa. Notkun þessa hreinsibúnaðar er umdeild, og stefna sænsk stjórnvöld t.d. á að banna alfarið notkun hans innan 12 mílna landhelgi. Innflutningur svartolíu sem skipaeldsneytis til Íslands er lífill sem enginn (eingöngu fyrir eitt skip). Að öðru leyti er eingöngu flutt inn olía til landsins sem er með minna en 0,10 % brennisteinsinnihald. Umhverfisstofnun sinnir eftirliti með brennisteinsinnihaldi í skipaeldsneyti í skipum sem koma til landsins. Eftirlitinu er sinnt í

samstarfi við EMSA (Siglingaöryggisstofnun Evrópu) og er markmiðið að öll skip séu skoðuð einu sinni á ári, einhvers staðar í Evrópu.

Æskilegt væri að skoða hvort leggja eigi fram tillögu þess efnis innan IMO að hafsvæði við Ísland verði skilgreint sem svokallað ECA svæði (Emission Control Area) samkvæmt reglu 13 og/eða reglu 14 í viðauka VI við MARPOL samninginn en þar eru gerðar strangari kröfur varðandi losun NO_x og/eða SO_x en á öðrum hafsvæðum. Með slíkri tillögu verður að leggja fram gögn sem sýna fram á nauðsyn þess að skilgreina svæði sem ECA svæði vegna skaðlegra áhrifa á heilsu manna og/eða umhverfi. Árið 2018 gerði Umhverfisstofnun greinargerð um bann við notkun svartolíu að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis (nú umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis) en í þeirri greinargerð kemur meðal annars fram hvaða upplýsingar/gögn verða að koma fram í umsókn til IMO.

Þemahópur C - Samfélag og innviðir.

Með því að auka umhverfisvæna framleiðslu á norðurslóðum er hægt að minnka sóun og auka sjálfbærni.

Viðskipti eru ein af undirstöðum sjálfbærrar uppbyggingar samfélaga. Lönd norðurslóða eru almennt langt frá helstu viðskiptalöndum sínum en geta samnýtt öflugt flutninganet, öllum til heilla. Hægt er að líta til flutningsnets íslenskra flugfélaga, sem tengja 7 af 8 löndum norðurslóða við alþjóðlega markaði eða flutningsnet íslenskra skipafélaga sem reka öflugt flutninganet á Norður-Atlantshafi.

Þegar flutningatengingar eru komnar á, eflast viðskipti sjálfkrafa. Hægt er að auka samstarf í helstu framleiðslugreinum s.s. sjávarútvegi, iðnaði og allri þjónustu. Ferðaþjónusta eflist með fjölþættari tengingum í flugi, t.d. með nýjum flugvöllum á Grænlandi. Öflug ferðaþjónusta styrkir efnahag heimamönnum til hagsbóta og stuðlar að aukinni þjónustu, fjölbreytni á ýmsum sviðum og bættum samgöngum.

Helsta áskorun samfélaga á norðurslóðum eru hraðar loftslagsbreytingar. Hlýnun, sem er hraðari þar en annars staðar í heiminum, stuðlar m.a. að aukinni bráðnun jökla, hafíss og sífrera og breytinga á sjávarstöðu. Ferill þessara breytinga er svo hraður á norðurslóðum að honum má líkja við hægfara náttúruhamfarir. Hér á landi eru afleiðingarnar m.a. aukin úrkomuákefð, þurrkar og gróðureldar, skriðuföll og sjávarflóð. Stjórnkerfi bæði á alþjóðavísu og hjá einstaka ríkjum þurfa að taka tillit til þessara breytinga. Fyrir sveitarfélög er sérstaklega mikilvægt að taka tillit til að skipulag íbúasvæða, atvinnusvæða og innviða þarf að gera að teknu tilliti til loftslagsbreytinga.

Ekki er við því að búast að öll áhrif umhverfisbreytinga verði óhagfelld á norðurslóðum. Hækkandi hitastig með bráðnun íss og styttri og mildari vetrum getur tímabundið haft í för með sér tækifæri sem tengjast t.d. orkuöflun og -nýtingu, sjávarútvegi, landbúnaði, samgöngum og ferðamennsku. Á sama tíma munu verða breytingar annars staðar í heiminum sem gætu gert norðurslóðir eftirsóttar (vatn, orka, atvinna). Það má gera ráð fyrir að íslenskt samfélag þurfi að vera viðbúið því að hingað vilji fólk flytjast búferlum í auknum mæli. En jafnvel þar sem gera má ráð fyrir að breytingar verði hagfelldar er mikilvægt að stjórnarfar og skipulag taki tillit til slíks, því það er heppilegast að samfélagskerfið sé aðlagð því umhverfi sem er til staðar, ekki því umhverfi sem var til staðar.

Þessar breytingar eru þegar farnar að hafa áhrif á líf alls almennings á þessum svæðum og munu hafa meiri áhrif á lífsgæði og heilsu fólks á norðurslóðum í framtíðinni. Afkoma íbúa norðurslóða er nátengd umhverfisbreytingum, ekki síst þeim sem verða í hafinu. Í þessu sambandi er mikilvægt að huga að áhrifum loftslagsbreytinga á félagslega og kynbundna þætti t.d. jafnrétti kynjanna á svæðinu og önnur lykilmálefni sem tengjast réttindum og lífskjörum

samfélagshópa á norðurslóðum. Jafnframt þarf að leggja sérstaka áherslu á menntun og auknar upplýsingar til að efla viðnámsþrótt samfélaga til að fást við þessar breytingar.

Hópurinn skilgreindi fjóra lykilþætti fyrir búsetu til að samfélag sé sjálfbært og dafni til lengri tíma: Fyrsti þáttur er atvinna sem á norðurslóðum snýst oft um auðlindanýtingu og að arður af auðlindum renni til samfélaganna þar sem þær eru upprunnar. Annar þáttur er fjölbreytt og öflug þjónusta sem byggist einkum á sterkum innviðum, þ.e. heilbrigðisþjónustu, menntun, samskiptaþjónustu, samgöngum, ofl. Þriðji þáttur er umgjörð um búsetu s.s. náttúrulegt umhverfi, manngert umhverfi og menningarstarfsemi, íþróttalíf og slík starfsemi. Fjórdi þáttur er svo viðnámsþróttur samfélags til að fást við örar breytingar.

Hópurinn tók fyrir efnisatriði 9, 10 og 11 úr norðurslóðastefnunni:

9. Að beina sjónum að velferð íbúa á norðurslóðum, m.a. möguleikum þeirra til lífsafkomu og aðgengi þeirra að stafrænum fjarskiptum, menntun og heilbrigðisþjónustu, að styðja réttindi frumbyggja og jafnrétti í hvívetna sem og viðleitni til að vernda menningararf og tungumál þjóða sem byggja norðurslóðir.

10. Að nýta möguleg efnahagstækifæri á norðurslóðum með sjálfbærni og ábyrga umgengni við auðlindir að leiðarljósi.

11. Að efla viðskipti og samstarf á sviði atvinnulífs, mennta og þjónustu innan norðurslóða, ekki síst við næstu nágretta Íslands á Grænlandi og í Færeyjum.

Tillaga C1. Mat á þróun lífskjara á norðurslóðum: AHDR III (Arctic Human Development Report III)

Þemahópur: C	URN/HVIN	Stefnumið númer: 9
--------------	----------	--------------------

Frá því að Ísland fór með formennsku í Norðurskautsráðinu 2002-2004 hefur farið fram yfirgripsmikil alþjóðleg þverfagleg vísindaleg vöktun á þróun lífskjara á norðurslóðum undir forystu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og tvær þróunarskýrslur norðurslóða hafa verið gefnar út: AHDR I árið 2004 og AHDR II árið 2015. Þannig var leitast við að gefa út nýja matsskýrslu með tíu ára millibili. Það tekur tvö til þrjú ár að framleiða skýrsluna og því er rétti tíminn til að hefja grunnvinnu fyrir AHDR III.

Þær öru breytingar sem orðið hafa á norðurskautssvæðinu undanfarinn áratug eru bæði flóknar og margvíðar og hafa öflug keðjuverkandi áhrif á umhverfi, þjóðir, menningu og samfélög norðursins sem ögra velferð íbúanna. Þessar margþættu breytingar fela í sér umhverfisbreytingar, aukna hnattvæðingu, þéttbýlismyndun, fólksfækkun og fólksflutninga á landsbyggðinni, nýja stofnanauppbyggingu og stjórnskipan, öldrun, mikið atvinnuleysi ungs fólks og aukna eftirspurn eftir auðlindum á norðurslóðum.

AHDR matsskýrslurnar eru unnar af stórum vinnuhópi alþjóðlegra fræðimanna með sérfræðipækkingu á málefnum norðurslóða og matið fjallar um mikilvæg mál og nýjar áskoranir sem varða samfélags- og hagþróun, áhrif hnattrænna breytinga og lífskilyrði, og velferð og menningu frumbyggja og annarra íbúa svæðisins.

Fyrsta skýrslan AHDR (2004) dregur upp einskonar grunnlínu varðandi samfélags- og hagþróun á norðurslóðum, en sú seinnimetur breytingar frá grunnlínu og leggur áherslu á breytta stöðu m.t.t. viðeigandi þróunarvísa og mikilvægra stefna, málefna og áskorana samtímans.

Tilgangur þriðju AHDR skýrslunnar verður að meta stöðu lífskjara, gæða og skilyrða á arktíska svæðinu á tímum mikilla breytinga sem eiga sér stað; að varpa ljósi á helstu strauma sem tengjast hinum ýmsu málefnum og þemasviðum samfélags- og hagþróunar undanfarinn áratug; og að bera kennsl á niðurstöður sem skipta máli fyrir stefnumótun stjórnvalda.

AHDR III mun stuðla að skilningi okkar á flóknu samspili og afleiðingum umhverfislegra, efnislegra og félagslegra breytinga sem hafa áhrif á lífsgæði á norðurslóðum. Skýrslan mun fjalla um sérstaklega mikilvægar og upprennandi áskoranir og afla samþættrar nýrrar þekkingar til að móta áriðandi skilaboð og draga fram helstu strauma og mikilvægar eyður í þekkingu.

Tími þriðju þróunarskýrslu norðurslóða er kominn; áratugur er liðinn frá því vinna við gerð AHDR II hófst. Á norðurslóðum halda áfram að eiga sér stað hraðvaxandi áhrifamiklar breytingar á samfélags- og efnahagslegum aðstæðum og loftslagsskilyrðum sem hafa ýtt enn frekar undir aukinn áhuga á svæðinu. Úttekt á ríkjandi og vaxandi breytingum og þáttum sem valda áhrifum mun gera norðurskautsríkjum og staðbundnum samfélögum betur kleift að þróa stefnu og aðgerðir til að bæta lífsgæði og auka aðlögunarhæfni og seiglu íbúanna, auk þessa að greiða fyrir grænum umskiptum og bættri sjálfbærni.

Fyrirhuguð þriðja AHDR mun innihalda þau viðfangsefni sem fjallað er um í tveimur fyrri skýrslum, þ.e. lýðfræði og fólksflutninga; menningu og sjálfsmynd; efnahagskerfi; stjórnarhætti og stjórnmalakerfi; réttarkerfi; mannöryggi; auðlindastjórnun; heilsu og líðan; menntun og mannauð; og hnattvæðingu. Fleiri viðfangsefni gætu bæst við, eins og t.d. innviðir, aðgengi og tengingar og fleira. Að auki mun skýrslan líklega leggja aukna áherslu á tvö til fjögur sérstök þemu sem eru nú sífellt meira áberandi, þ.e.a.s. málefni og áskoranir ungs fólks og aldraðra, kyn og loftslagsbreytingar.

Skýrslan verður skrifuð fyrir breiðan markhóp og mun nýtast sérstaklega vel til að forgangsraða aðgerðum í norðlægum samfélögum, meðal stefnumótenda og hagsmunaaðila á norðurslóðum og sem kennsluefni í háskólum.

Tillaga C2. Að íslensk stjórnvöld hafi kynjajafnrétti á norðurslóðum áfram sem áherslumál í norðurslóðastefnu sinni

Þemahópur: C	Ráðuneyti: FOR/UTN	Stefnumið númer: 9
--------------	--------------------	--------------------

Mikilvægt er að málefni kynjanna séu tekin til greina í hvers kyns stefnumótun á norðurslóðum. Bæta þarf tölfræðigögn til að sjá betur ólíkar þarfir kynjanna, tryggja kynjasambættingu og kynjaða hagstjórn í stjórnsýslu og ákvarðanatöku og taka til greina ólík áhrif samfélags- og loftslagsbreytinga eftir kynjum. Ísland getur beitt sér fyrir áframhaldandi rannsóknum og þekkingarmiðlun og þannig stuðlað að jákvæðri þróun jafnréttis kynjanna á norðurslóðum.

Jafnréttismál á norðurslóðum hafa verið meðal áherslusviða í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021. Í apríl 2021 var gefin út tímamóta skýrsla um stöðu kynjajafnréttis á norðurslóðum (e. Pan-Arctic Report: Gender Equality in the Arctic). Útgáfa skýrslunnar hélst í hendur við ráðherrafund Norðurskautsráðsins sem haldinn var í Reykjavík 19.-20. maí 2021 og til hennar vitnað í ráðherryfirlýsingunni og mikilvægi málefnisins undirstrikað í stefnu ráðsins til 2030 sem einnig voru samþykktar við sama tækifæri. Þar með var mikilvægum áfanga náð í jafnréttismálum á svæðinu en þau eru talin grundvallaratriði í sjálfbærri þróun til framtíðar á norðurslóðum. Ísland hefur margt fram að færa í alþjóðlegu samstarfi um jafnréttismál, ekki hvað síst jákvæða reynslu af því að setja jafnréttismál á oddinn og reynslu af sambættingu kynjasjónarmiða. Að sama skapi er margt að læra af samstarfsaðilum og má þar nefna til dæmis hugmyndir frumbyggja á norðurslóðum um kyn og kyngervi.

Jafnréttisverkefnið sem Ísland leiðir innan Norðurskautsráðsins, GEA, á rætur að rekja aftur til ársins 2013 og var upphaflega runnið undan rifjum utanríkisráðuneytisins í samstarfi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Jafnréttisstofu. Verkefnið hefur síðan vaxið og dafnað með aðkomu fjölmargra alþjóðlegra samstarfsaðila undir stjórn Emblu Eirar Oddsdóttur hjá Norðurslóðaneti Íslands sem leitt hefur verkefnið frá árinu 2014. Frá upphafi hefur GEA lagt áherslu á mikilvægi jafnréttis og fjölbreytileika á öllum sviðum og markmið verkefnisins hefur verið að efla umræðu um jafnréttismál á norðurslóðum og leggja grunn að upplýstri stefnumótun til framtíðar.

Megin niðurstöður skýrslunnar eru þær að mikið skorti upp á að gögn og tölfræði taki tillit til sérstöðu norðurslóða og eins að þau séu oft ekki greind eftir kynjum og uppruna. Mikilvægt sé að gögn og tölfræði taki tillit til þess að áhrif breytinga á fólk geta verið mjög mismunandi eftir því hver uppruni, kyn og heimkynni þess eru. Þannig geta áhrif loftslagsbreytinga á hvítan karlmann á Húsavík verið mjög frábrugðin áhrifum á frumbyggjakonu í Chukotka í Rússlandi. Enn fremur leggja höfundar áherslu á mikilvægi kynjasambættingar og kynjaðrar

hagstjórnar í allri stjórnsýslu og ákvarðanatöku á norðurslóðum auk þess sem mælt er með sértækum aðgerðum til að leiðrétta kynjahalla þar sem það á við. Mikilvægt er að taka til greina hvernig ólík kyn verða fyrir ólíkum áhrifum af hinum öru breytingum sem eiga sér stað á norðurslóðum s.s. loftslagsbreytingum sem og samfélagsbreytingum á borð við aukinn hreyfanleika fólks, öryggismál í víðum skilningi og réttindabaráttu frumbyggja.

Mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið hingað til í þágu kynjajafnréttis á norðurslóðum m.a. með því að tryggja áframhaldandi rannsóknir, þekkingarmiðlun og hafa kynjuð sjónarmið í forgrunni í öllum ákvörðunum og stefnumótun.

Tillaga C3. Efling samstarfsverkefna um sjálfbæra og ábyrga nýtingu á auðlindum hafsins

Þemahópur: C	Ráðuneyti: MAR/UTN	Stefnumið númer: 10
--------------	--------------------	---------------------

Efla þarf núverandi samstarf í rannsóknum á lífríki hafsins og auka samstarf milli rannsóknastofnana. Í því felst bæði (1) að hafa aðgang að sjóðum sem styrkja myndu samstarfsnet vísindastofnana innan þessara landa til að takast á við verkefni um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og (2) að styrkja samstarfsgrundvöll um þetta efni með því að nýta sameiginlega rannsóknarsjóði til að kosta rannsóknir á auðlindum og nýtingu þeirra.

Mikilvægt er að hlúa að og efla samstarf í rannsóknum á lífríki hafsins á norðurslóðum bæði með tilliti til grunnrannsókna en einnig með tilliti til sjálfbærrar og ábyrgrar nýtingar. Í dag eru stofnmælingar og veiðiráðgjöf á öllum helstu nytjastofnum á þessum slóðum byggðar á sjálfbærni- og varúðarsjónarmiðum. Margvíslegt rannsóknasamstarf er í tengslum við þessar stofnmælingar, svo sem á loðnu, makríl, grálúðu og hvölum. Breytingar á dreifingu stofna og þar með veiðimöguleikum skapa áskoranir bæði varðandi rannsóknir og nýtingu þeirra. Norðlægari og vestlægari sumarútbreiðsla loðnu upp úr árinu 2000 og aukin útbreiðsla makríls til vesturs og norðurs upp úr árinu 2006 eru dæmi um þetta. Svona atburðir geta gerst með skömmum fyrirvara. Gott samstarf milli rannsóknastofnana er þess vegna mikilvægt til að fást við slíkar breytingar og fjármögnunartækifæri til staðar þegar auka þarf samstarf. Ekki síður þarf að vera til sameiginleg sýn viðkomandi landa um sjálfbæra og ábyrga nýtingu auðlinda þegar breytingar verða t.d. á veiðimöguleikum. Í „Framkvæmdaáætlun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða“ þarf því að stuðla að aðgengi að fjármagni til sameiginlegra rannsókna á þessu sviðum.

Tillaga C4. Sérstakt kynningarátak á Norðurslóðaáætlun ESB (e. Northern Periphery and Arctic Programme) 2021-2027 og öðrum samstarfsáætlunum á sviði samfélagsþróunar í samstarfi Byggðastofnunar og Rannís

Pemahópur: C	Ráðuneyti: HVIN	Stefnumið númer: 10
--------------	-----------------	---------------------

Sú breyting hefur orðið á Norðurslóðaáætlun ESB að frá og með 2021 geta aðilar frá Færeyjum og Grænlandi leitt verkefni en áður hafði það verið bundið við fullvalda ríkin sem þátt taka í áætluninni, Finnland, Svíþjóð, Noreg, Ísland og Írland. (Norður-Írland og Skotland hafa hætt þátttöku í áætluninni vegna Brexit). Þetta gefur tækifæri á að efla þátttöku í Norðurslóðaáætluninni á svæðinu sem styður við þátttöku í öðrum samstarfsverkefnum á sviði samfélagseflingar, s.s. NORA.

Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery and Arctic Programme) (NPA) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands og svo Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Meginmarkmið NPA er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landshlutum. Reynt er að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja sé hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best. Verkefnin innan NPA skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Forgangssvið og skilgreind undirmarkmið:

Markmið Norðurslóðaáætlunar 2021-2027 er að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna á þremur forgangssviðum með skilgreindum undirmarkmiðum. Forgangssviðin eru eftirfarandi:

- Styrkja nýsköpunarhæfni þrautseigra og aðlaðandi samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar.
- Styrkja getu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að laga sig að loftslagsbreytingum og bættri auðlindanýtingu.
- Styrkja stofnanagetu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að nýta sér samstarfsverkefni.

Eitt matsatriða vegna umsókna í Norðurslóðaáætlunina er að viðkomandi verkefni styðji við aðra stefnumótun, hvort sem er á áætlunarsvæðinu öllu eða í heimalöndum umsækjenda. Með því að kynna möguleika áætlunarinnar til að styðja samstarfsverkefni á þessu svæði

sérstaklega er verið að skjóta stoðum undir markmiðssetningu og stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Tillaga C5. Að stofnaður verði vinnuhópur með fulltrúum úr menntakerfi og heilbrigðisþjónustu Grænlands, Færeyja og Íslands sem mótar stefnu og setur umgjörð um samvinnu

Þemahópur: C	Ráðun.: MRN/HVIN/HRN	Stefnumið númer: 11
--------------	----------------------	---------------------

Stofnaður verður samstarfsvettvangur Grænlands, Færeyja og Íslands í heilbrigðismálum sem mótar stefnu og tillögur að mönnun í heilbrigðisþjónustu og menntun heilbrigðisstétta. Einnig mótar hann stefnu og kemur með tillögur að verkefnum til að mæta sameiginlegum áskorunum m.a. í geðheilbrigðismálum ungs fólks og heilbrigði eldra fólks með áherslu á fjarheilbrigðisþjónustu, fjarkennslu og nýsköpun. Einnig verði lögð áhersla á sjálfbærni dreifðari byggða í þessum málum.

Heilbrigðisþjónusta og menntun heilbrigðisstétta eru hornsteinar í hverju samfélagi og í dreifðum byggðum eru oft miklar áskoranir að laða að og halda í heilbrigðisstarfsfólk sérstaklega lækna og hjúkrunarfræðinga. Það eru fáir karlmenn hjúkrunarfræðingar á norðurslóðum, þ.m.t. á Íslandi þar sem þeir eru 2-3% af hjúkrunarfræðingum. Í Danmörku og Noregi eru karlmenn u.þ.b. 10% af hjúkrunarfræðingum. Norræna ráðherranefndin hefur styrkt verkefni sem hafa það að markmiði að fjölga karlmönnum sem fara í hjúkrunarfræði á Norðurlöndunum (Men in Nursing Education, 2019; Share the Care, 2020). Framtíðin ber það að líkindum í skauti sér að bæði kynin muni mennta sig til að verða hjúkrunarfræðingar á norðurslóðum og þannig styrkja heilbrigðisþjónustu í dreifðum byggðum.

Fámenn samfélög með dreifðum byggðum og erfiðum samgöngum eru til staðar á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og því má ætla að þessar þjóðir eigi margt sameiginlegt og tvímælalaust ávinningur að auka samvinnu og samskipti í þessum málaflokkum með það fyrir augum að takast á við sameiginlegar áskoranir, m.a. þær sem nefndar eru hér á undan. Það býr að meðaltali eldra fólk í dreifðum byggðum en í þéttbýli. Þetta þýðir fleira fólk með heilbrigðisvanda sem leiðir af sér enn frekari áskoranir varðandi mönnun heilbrigðisþjónustu (Henning-Smith, 2020). Huga þarf að sértækum heilbrigðisáskorunum á norðurslóðum (Young et al., 2020). Sérstaklega þarf að huga að geðheilbrigðismálum og mikilvægt að notendur þjónustu komi að skipulagi þjónustunnar. Sjálfsvígstíðni er enn áhyggjuefni á norðurslóðum þrátt fyrir verkefni á vegum t.d. Norðurskautsráðsins sem hafa beint sjónum að þessum heilbrigðisvanda um áratugaskeið. Nýjasta verkefni þess heitir „Local to Global (L2G)“ sem hefur það að markmiði að finna leiðir með frumkvæði og náinni samvinnu við frumbyggja norðurslóða. Er það byggt á fyrri verkefnum sem lúta að því að koma í veg fyrir

millikynslóðaflutning, vinna úr áföllum, fyrirbyggja þunglyndi og sjálfsvíg (Project CREATEs Circumpolar Resilience, Engagement, and Action Through Story, 2019). Í tengslum við Arctic Circle 2022 var haldin vinnustofa við Háskólann á Akureyri fyrir fagfólk og ungmenni á norðurslóðum um hvernig verndandi þættir (PACEs) eru virkjaðir til að auka þrautseigju hjá ungmennum með því að skapa rafrænar sögur um sjálfan sig (digital storytelling). Mikilvægt er að Ísland haldi áfram að vinna með öðrum löndum norðurslóða í verkefnum sem hafa það að markmiði að fyrirbyggja og fækka sjálfsvígum.

Það má ætla að nýjungar í fjarheilbrigðisþjónustu og fjarkennslu henti þessum svæðum mjög vel og að til staðar sé frjór jarðvegur til að innleiða slíkar nýjungar með það að markmiði að bæta menntun og þjónustu ásamt því að valdefla smærri samfélög. Það kom í ljós í Covid-19 heimsfaraldrinum að mikilvægt var að reiða sig á fjarheilbrigðisþjónustu og -menntun. Brýnt er að þróa áfram hvorutveggja, þjónustu og menntun, með markvissum hætti með það að leiðarljósi að styrkja samfélög á norðurslóðum (Covid-19 in the Arctic: Briefing Document for Senior Arctic Officials, June 2020). Stofnað var til verkefnis í samvinnu við Árbók norðurslóða (The Arctic Yearbook) þar sem tekin er saman þekking og lærdómur sem draga má af heimsfaraldri á norðurslóðum (Arctic Pandemics: COVID-19 and Other Pandemic Experiences and Lessons Learned). Niðurstaðan var kynnt í árbókinni fyrir 2023.

Tillaga C6. Efla samstarf á sviði menntunar og auka hreyfanleika ungs fólks með það að leiðarljósi að bæta framtíðarmöguleika fyrir ungt fólk á norðurheimskautssvæðinu og ekki síst á vestnorræna svæðinu

Þemahópur: C	Ráðuneyti: MRN/HVIN	Stefnumið númer: 11
--------------	---------------------	---------------------

Aðgerðir: 1) Kynningarátak til að vekja athygli á námsframboði í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. 2) Námsstyrkir og ferðastyrkir til ungs fólks innan vestnorræna svæðisins. 3) Samningar milli ríkjanna og við Danmörku sem myndu auðvelda nemendum að sækja um námsstyrki og námslán í sínu heimalandi til að stunda nám í öðru landi innan vestnorræna svæðisins. 4) Samstarfshópur háskóla hér á landi ásamt Fróðskapasetri og Ilisimatusarfik um aukið samstarf á sviði framhaldsnáms í löndunum þremur. 5) Samstarfshópur milli stjórnvalda og Listaháskólans með það að markmiði að efla tækifæri fyrir ungt fólk á Grænlandi og í Færeyjum til að sækja sér menntun við Listaháskóla Íslands. 6) Ísland taki virkan þátt í nemendaskiptaáætlun Háskóla norðurslóða en Ísland er eina norðurslóðaríkið sem ekki veitir námsstyrki í þessari áætlun. 7) Gera þarf áttak til að þróa kennsluáferðir í grunn-og framhaldsskólanámi og starfsmenntun sem mætir þörfum íbúa á strjálbýlum svæðum á norðurslóðum.

Á vestnorræna svæðinu eru starfandi háskólar í öllum löndunum þremur, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Háskólamenntun í Færeyjum og í Grænlandi einskorðast enn sem komið er við fá fræðasvið og námsframboð er því töluvert takmarkað. T.d. er hvorki hægt að stunda háskólanám á sviði lista í Færeyjum né í Grænlandi. Flest ungt fólk sem hefur áhuga á að fara í listnám flytur til Kaupmannahafnar og fer þar í nám. Það sama á við um framhaldsnám í mörgum greinum því að framboð á námi við Fróðskaparsetrið í Færeyjum og Illismatusarfik háskólann í Nuuk er mjög takmarkað. Á sama tíma má greina aukinn áhuga hjá ungu fólki í þessum löndum á að sækja sér menntun til annarra landa en Danmerkur. Þarna eru mikil sóknarfæri fyrir íslenska háskóla og fyrir ríkisstjórnir í löndunum þremur til að efla samstarf á sviði háskólamenntunar. Þess má geta að ungt fólk frá Færeyjum og Grænlandi getur fengið námsstyrk frá Danmörku (SU – Statens uddannelsesstøtte) til að stunda háskólanám á Íslandi. Það krefst þó töluverðs umstangs fyrir nemendur sem þurfa að sækja um viðurkenningu fyrir náminu til danskra stjórnvalda sem meta það í hverju tilfalli. Væri æskilegt ef hægt væri að einfalda ferlið og auðvelda þannig færeyskum og grænenskum nemendum að sækja nám á Íslandi.

Þrátt fyrir að námsframboð í íslenskum háskólum sé fjölbreyttara en í háskólunum í Færeyjum og á Grænlandi eru einnig tækifæri fyrir íslenska námsmenn að sækja nám til þessara nágrannalanda sinna. Í Færeyjum eru t.a.m. stundaðar öflugar rannsóknir á sviði haffræða og sjávarútvegs og á sviði norrænna fræða og sögu, auk þess sem nýlega var farið að bjóða upp á MA nám í vestnorrænum fræðum (M.S.Sc. in West Nordic Studies) við Fróðskaparsetrið. Við Illismatusarfik háskólann í Nuuk er m.a. starfrækt rannsóknasetur um velferð á norðurslóðum (Centre for Arctic Welfare) og þar er einnig boðið upp á framhaldsnám með áherslu á menningararf og menningarmiðlun á norðurslóðum. Tækifæri fyrir ungt fólk til að sækja sér menntun innan vestnorræna svæðisins eru því fjölmörg en til þess að efla hreyfanleika og áhuga er nauðsynlegt að efla kynningu á námi þvert á löndin, mögulega með því að innleiða bæði námsstyrki innan vestnorræna svæðisins og ferðastyrki fyrir námsmenn innan svæðisins. Auk þess væri áhugavert að kanna möguleika háskólanna í löndunum þremur á að efla samstarf sín á milli, mögulega með sumarskólum eða námskeiðum fyrir námsmenn. Í þessu samhengi geta stjórnvöld verið hreyfiafl sem skapa tækifæri fyrir háskólana til að vinna meira saman. Háskóli norðurslóða er mikilvægasta samstarfsnet háskóla víða um heim sem kenna og rannsaka málefni norðurslóða. North2North-áætluninni er ætlað að gera nemendum kleift að stunda hluta af háskólanámi sínu við háskóla annars staðar á norðurslóðum, þannig að námið sé metið til eininga heimavið.

Norðurskautssvæðið einkennist af strjálbýlum samfélögum, menningarlegri fjölbreytni, miklum fjölda fámennis tungumála/smámála, mismunandi félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og löngum vegalengdum. Jöfn tækifæri til menntunar á afskekktum svæðum eru lykillinn að því að skapa sjálfbæra þróun og byggja upp seiglu í samfélögum á norðurslóðum. Jafnt aðgengi að góðri grunnmenntun opnar dyr að námi í iðngreinum, æðri menntun og að

finna sér stað í atvinnulífinu. Það dregur einnig úr hættu á jaðarsetningu og tilheyrandi óheppilegum afleiðingum.

Kennarar sem starfa á norðurslóðum og í norðlægum samfélögum eru lykilþátturinn í því að veita góða grunnmenntun. Mikilvægt er að þróa kennsluaðferðir í grunn-, framhaldsskólanámi og starfsmenntun sem mætir þörfum íbúa á strjálbýlum svæðum á norðurslóðum. Nýta þarf m.a. nútíma stafræna tækni í þessu átaki.

Tillaga C7. Samstarf innan ramma alþjóðlegs áratugar tungumála frumbyggja (International Decade of Indigenous Languages, IDIL, UNESCO)

Þemahópur: C	Ráðuneyti: HVIN/MVF	Stefnumið númer: 11
--------------	---------------------	---------------------

Vigdísarstofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (bæði hjá Háskóla Íslands) og málvísindadeildir við háskólana í Grænlandi og Færeyjum búa öll yfir sérhæfðri þekkingu á tungumála- og menningarumhverfi vestnorrænu landanna. Koma upp samstarfshópi þessara stofnana og stuðla að samstarfi á sviði málstefnu, málverndar og sjálfbærrar framtíðar smámála (fámennis tungumála). Stuðla að þróun og uppbyggingu rannsóknarverkefna á sviði vestnorrænnar menningarfræði og samofinni sögu landanna.

Vestnorrænu samfélögin deila fjölmörgum tækifærum og áskorunum innan norðurslóða. Þau eiga líka samofna sögu og hlutverkin sem þau hafa gegnt hvert gagnvart öðru í sambúð sinni við Danmörku hafa skilið eftir sig mikil spor sem lita enn samstarf milli þeirra í dag með beinum eða óbeinum hætti. Til að efla sjálfbært pólitískt samstarf vestnorrænu landanna er mikilvægt að hefja alþjóðlegt rannsóknarsamstarf milli landanna á sviði sagnfræðilegra málvísinda, félagslegra málvísinda (þar á meðal tungumála- og innflytjendafræði), nýsköpunar innan máltækni og menningarfræði (rannsóknir á áframhaldandi afleiðingum nýlendustefnunnar á svæðinu). Vigdísarstofnun starfar undir merkjum UNESCO og hefur umsjón með framlagi Íslands til áratugar frumbyggjatungumála 2022-2032. Stofnunin getur þjónað sem leiðandi vettvangur til að koma samstarfinu í góðan farveg.

Áratugur frumbyggjatungumála er tileinkaður því að vekja heimsathygli á mikilvægum aðstæðum margra frumbyggjatungumála og fámennismála og virkja hagsmunaaðila og fjármagn til varðveislu, endurlífgunar og kynningar. Sérstök áhersla verður á tungumál Sama og vestnorrænu tungumálin. IDIL 2022-2032 mun leggja hönd á plóg við að styrkja og vernda frumbyggjatungumál og bæta líf þeirra sem málin tala. Alþjóðlega aðgerðaáætlunin mun

leggja sitt af mörkum til að markmið sem sett voru fram í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja, sem og í áætlun um sjálfbæra þróun 2030, náist.

Tillaga C8. Aukin samvinna stjórnvalda ferðamála í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi um stefnumótun, markaðsetningu og upplýsingagjöf.

Þemahópur: C	Ráðuneyti: UTN/MVF	Stefnumið númer: 11
--------------	--------------------	---------------------

Ferðamálaráðherrar í löndunum þremur geri samkomulag um árlega tvíhliða samráðsfundi. Í tengslum við þá fari önnur stjórnvöld ferðamála yfir stefnumótun, stöðu, þróun, helstu áskoranir, s.s. öryggi, heilsu, dreifingu ferðamanna og mörk greinarinnar, ásamt nýmælum.

Vinsældir norðurslóða sem viðkomustaðar ferðamanna hafa aukist til muna á umliðnum árum og þar með umfang ferðaþjónustunnar. Svæðið er viðkvæmt fyrir ágangi m.a. vegna loftslagsbreytinga. Mikilvægt er að stjórnvöld landanna þriggja setji greininni og gestum skýr mörk svo ekki komi til árekstra á milli heimafólks og gesta og umhverfið hljóti sem minnstan skaða af. Sérstaklega þarf að gæta þess að innviðir á hverju svæði séu nægjanlegir til að takast á við vaxandi ferðamannastraum. Þetta málefni væri tilvalið til að vinna að á sameiginlegum vettvangi landana þriggja. Vinna þarf með fræðasamfélaginu til að fjalla um helstu tækifæri og áskoranir sem ferðaþjónustan stendur frammi fyrir í þessum löndum, sjá t.d.

Frændafundur, samstarf Háskóla Íslands og Fróðskaparsetur og Ferðamálasetur Íslands.

Ferðamálasamstarf Íslands, Færeyja og Grænlands hefur staðið um árábil og var ný skipan þess ákveðin í lok árs 2006 með stofnun North Atlantic Tourism Association, NATA.

Hlutverk NATA er að móta sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd og styrkja ýmis verkefni sem efla ferðaþjónustu innan svæðisins t.d. þróunar- og markaðsverkefni í ferðaþjónustu og ferðalög, t.d. vegna skólahópa, íþróttahópa eða menningarverkefna. Í gegnum NATA er starfræktur samstarfshópur um sameiginleg markaðsmál sem í eiga sæti starfsfólk Íslandsstofu, Visit Faroe Islands og Visit Grænland. Sá hópur hittist alla jafna tvisvar á ári.

Vestnorden ferðakaupstefnan

Innan NATA er Vestnorden ferðakaupstefnan umfangsmesta samstarfsverkefnið. Í samstarfinu er lögð áhersla á að fjölga kaupendum og alþjóðlegum fjölmiðlum á Vestnorden ferðakaupstefnunni sem löndin skiptast á að halda. Þetta er mikilvægasta kaupstefnan í ferðaþjónustu sem haldin er á Norður-Atlantshafssvæðinu en þar koma saman ferðaþjónustuaðilar landanna þriggja auk kaupenda ferðaþjónustu frá öllum heimshornum.

Íslendingar halda Vestnorden annað hvert ár og hitt árið skiptast Grænlandingar og Færeyingar á um framkvæmdina.

DT-nordics

Haustið 2019 var Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Ferðamálastofu var falið að leiða verkefni til að auka áhuga ferðþjónustufyrirtækja á stafrænum lausnum, auka skilvirkni og bæta upplifun ferðamanna og koma Færeyingar ásamt Grænlandingum og Finnum að þessu verkefni með okkur. Heimasíða verkefnisins var formlega opnuð 3. júní 2022 á ráðstefnunni Icelandic Travel Tech (ITT) sem Ferðamálastofa og Íslenski ferðaklasinn stóðu fyrir.

Áhugi fyrir auknu samstarfi

Öflug og góð ferðþjónusta getur bætt lífsgæði heimamanna í formi aukinnar þjónustu og fjölbreytni. Í ferðamálastefnu Grænlands fyrir 2016–19 er sérstakur kafli um Ísland. Stefnan skilgreinir það sem miðstöð ferðamanna á leið til Grænlands, kjörið til samvinnu um „blandaðar ferðir“ (e. combination tours) og í henni er rökstutt að mikilvægi Íslands fyrir grænenska ferðþjónustu kalli á að hún tileinki sér skilning og innsýn í íslenska markaðinn. Fyrir Grænland sé keppikefli að ná góðri samvinnu svo sem um kynningu, markaðsrannsóknir, þróun nýmæla og yfirfærslu þekkingar, til dæmis um gerð ferðþjónustureikninga. Grænlandingum hefur staðið til boða aðstoð og efni tengt ferðþjónustu sem Ferðamálastofa hefur unnið, þróað og innleitt á Íslandi.

Eftir því sem ferðþjónustan hefur vaxið í Færeyjum hefur áhugi á þróun ferðþjónustunnar vaxið, en ekki eingöngu verið lögð áhersla á markaðssetninguna. Sem dæmi um þetta var bætt við þróunardeild innan Visit Faroe Islands fyrir um fjórum árum. Ferðamálastofa hefur látið Færeyinga hafa töluvert af efni sem FMS hefur unnið varðandi þróun ferðþjónustunnar hér á landi. Fyrir um þremur eða fjórum árum skipulagði FMS ferð fyrir starfsmenn Visit Faroe Islands til að kynna sér uppbyggingu ferðþjónustu hér á landi.

Nýta má tækifæri innan norðurslóðaáætlunar ESB til að koma á fót þróunarverkefnum á sviði ferðamála milli þessara landa í samstarfi við önnur norðlæg svæði í Evrópu.

Tillaga C9. Samstarf í orkumálum milli Íslands og Grænlands

Þemahópur: C	Ráðuneyti: URN/UTN	Stefnumið númer: 11
--------------	--------------------	---------------------

Mikilvægt er að koma á formlegu samstarfi og samráði milli stofnana og fyrirtækja á orkusviði Íslands og Grænlands. Frá stjórnvöldum er æskilegt að komi opinber hvatning til að auka og dýpka samstarf milli íslenskra og grænenskra orkufyrirtækja í eigu þjóðanna, t.d. Landsvirkjunar, Nukissiorfiit og NunaGreen eða annarra sem við

kunna að eiga. Landsvirkjun hefur talsverða reynslu af ráðgjöf við Grænlinga í orkumálum en einnig mætti ræða hvort og með hvaða hætti Grænlingar vilji eiga í frekara samstarfi í orkumálum, m.a. í þróun og fjárfestingu. Auk þess er ástæða til að hvetja til samstarfs annarra íslenskra orkufyrirtækja og grænenskra aðila, t.d. um uppbyggingu smávirkjana á Austur-Grænlandi.

Nukissiorfiit á Grænlandi er með um 400 starfsmenn og ber ábyrgð á framleiðslu, flutningi og dreifingu rafmagns. Félagið sér einnig um húshitun og dreifingu neysluvatns og þjónustar bæði heimili og fyrirtæki. Innan fyrirtækisins á sér stað mikil nýsköpun, endurmenntun og tileinkun nýrrar tækni. Nukissiorfiit rekur fimm vatnsaflsstöðvar og sex sólarorkuver og er að prófa sig áfram með vindorku. NunaGreen er nýtt raforkufyrirtæki í eigu grænenskra stjórnvalda sem ber ábyrgð á þróun og fjárfestingu í nýjum virkjunum í Grænlandi.

Landsvirkjun hefur komið að verkefnum í öllum vatnsaflsstöðvum á Grænlandi með einum eða öðrum hætti. Landsvirkjun hefur einnig komið að því að veita ráðgjöf í undirbúningsvinnu við þróun fjölda grænenskra orkuverkefna.

Mikill áhugi er á Grænlandi á að auka endurnýjanlega orkuvinnslu og draga úr notkun olíu. Útskipting jarðefnaeldsneytis er nauðsynleg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en jafnframt til að bæta loftgæði í nærsamfélagi. Grænlingar vilja verða sjálfstæðir um orkuöflun endurnýjanlegrar orku og ætla ekki að nýta mögulegar olíulindir í bili. Opinber stefna stjórnvalda er að sjá fyrir 90% orkuþarfar bæja og þorpa með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2030. Samkvæmt skýrslu Nukissiorfiit frá árinu 2021 eru 72% orkuframleiðslu Grænlinga frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þar af 66% frá vatnsafl. Hinsvegar eru einungis 20% af orkunotkun Grænlands frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Stórar virkjanaframkvæmdir eru á áætlunum og teikniborðinu hjá Grænlingum sem eiga fjölda virkjanatækifæra víða um land sitt og ættu að geta framleitt sjálfir allt rafmagn og orku sem þeir þurfa, þar með talið til húshitunar, samgangna og iðnaðarframleiðslu, sem og til mögulegs útflutnings. Grænensk stjórnvöld leggja áherslu á eftirfarandi þætti í orkumálum:

- Mæta aukinni raforkunotkun almennings með nýjum vatnsaflsstöðvum.
- Nýta raforku til orkusækis iðnaðar, t.d. í gagnaver, rafeldsneyti og annað sem Grænlingar telja mikilvægt til að byggja upp sitt efnahagslíf.
- Kanna önnur tækifæri sem kunna að verða til í endurnýjanlegri orkuvinnslu.
- Próa efnahagslíf sitt með endurnýjanlegri orku til lengri tíma.

Fyrirkomulag samstarfs Íslendinga og Grænlinga í orkumálum framtíðar liggur ekki fyrir. Grænlingar hafa ekki ákveðið hvort eða hvernig þeir ætli að leyfa erlent eignarhald orkumannvirkja og -auðlinda í landinu. Umræður eru uppi um að leyfa þetta með ákveðnum takmörkunum og afmörkunum eins og fyrirfinnast víða. Það er til staðar áhugi á samstarfi við

Ísland þó Grænlandingar séu tvístígandi um hvar og hvernig. Ljóst er að slíkt samstarf gæti skilað sér í hraðri, skynsamlegri og sjálfbærri uppbyggingu og þróun fyrir Grænlandinga og gagnkvæmum ávinningi fyrir Íslendinga.

Tillaga C10. Um rannsóknarsamstarf Íslands og Grænlands

Þemahópur: C	Ráðuneyti: UTN/HVIN	Stefnumið númer: 11
--------------	---------------------	---------------------

Í febrúar 2022 gerðu Rannsóknaráð Grænlands og Rannsóknamiðstöð Íslands samkomulag um að styrkja samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar og menntunar á milli landanna tveggja. Tillagan byggir á að efla samstarf á fyrrgreindum sviðum þar sem byggt verður á áralöngu samstarfi landanna á sviði rannsókna- og menntunar, auk þess sem áhersluatriði í Grænlandsskýrslu utanríkisráðuneytis verða í forgrunni og samstarf við hagaðila um aukið samstarf á sviði nýsköpunar þar sem Ísland og Grænland eiga sameiginlega hagsmuni.

Tillagan lýtur að því að samkomulagið á milli Rannís og Rannsóknaráðs Grænlands nýtist til að styðja við margar af ofangreindum tillögum í formi vinnustofa og sameiginlegra verkefna sem nýtist til framfylgni aukins samstarfs. Fyrsta vinnustofan sem haldin var í tengslum við samkomulagið fór fram í Nuuk 25-26 ágúst 2022 (sem forfundur Arctic Circle Greenland Forum 27.-29.) og var skipulögð í góðu samstarfi við Norðurslóðanet Íslands, Rannsóknaráð Grænlands og Arctic Hub.

Markmiðið með vinnustofunni var fyrst og fremst að styrkja enn frekar samstarfið milli rannsóknasamfélaga Grænlands og Íslands og kortleggja samstarfstækifæri milli landanna í samræmi við samkomulag sem var undirritað milli Rannís og Rannsóknaráðs Grænlands á árinu 2022. Á vinnustofuna mættu yfir 60 þátttakendur, vísindafólk frá Grænlandi og Íslandi, fulltrúar rannsókna- og þróunar úr hinum ýmsu geirum á sviði loftslagsrannsókna og lands sem og fulltrúar sjávarútvegsins og bláa hagkerfisins.

Stefnt er að frekari viðburðum í framtíðinni með áherslu á rannsóknir, nýsköpun og menntun, en þar gætu áhersluatriði átt vel við framangreindar tillögur á sviði samfélags og innviða sem hafa m.a. að gera með orkumál, fjarskipti, ferðaþjónustu, sjávarútveg og samstarf íslenskra og grænleuskra aðila í alþjóðlegum rannsókna-, mennta- og nýsköpunaráætlunum, m.a. Norðurslóðaáætlun ESB.

Tillaga C11. Samstarf milli Háskólans á Akureyri og Ilisimatusarfik um uppbyggingu náms í sjávarútvegi

Demahópur: C	Ráðuneyti: HVIN/UTN	Stefnumið númer: 11
--------------	---------------------	---------------------

Ýmsar ástæður eru fyrir góðu gengi Íslendinga í sjávarútvegi en við teljum eina þeirra vera vel menntað vinnuafli. Háskólinn á Akureyri hefur tekið virkan þátt í því skapa það, því þaðan hafa 288 sjávarútvegsfræðingar verið útskrifaðir frá 1994. Þeir starfa nú víða í sjávarútveginum. Lagt er til að Grænlandingum verði boðin samvinna við að koma slíku námi af stað við Háskólann á Grænlandi. Það yrði sett upp sem sambland af staðar og fjarnámi eins og gert er við HA.

Sjávarútvegur er langmikilvægasta atvinnugreinin á Grænlandi og verður það efalítið áfram þó aðrar atvinnugreinar vaxi. Grænlandingar veiða nú um 400 þúsund tonn af sjávarafurðum á ári og eru tiltölulega verðmætar tegundir eins og grálúða, rækja og snjókrabbi stór hluti af þessum afla.

Í sjávarútvegi þarf að huga að mörgum þáttum, t.d. sjálfbærni, hreinlæti, rekjanleika, neytendahegðun og verkflæði. Hátt verð á sjávarafurðum til lengri tíma skilar góðri afkomu sjávarútvegs sem aftur gefur af sér tekjur til samfélagsins. Á því sviði hafa Íslendingar náð mjög langt.

Lagt er til að Grænlandingum verði boðið samstarf um að koma slíku námi af stað við Háskólann á Grænlandi. Það yrði sett upp sem sambland af staðar- og fjarnámi eins og gert er við HA. Námskeið má líka kenna í fjarnámi á meðan verið er að byggja upp námið á Grænlandi. Ferðalög milli Íslands og Grænlands eru dýr og þyrfti því einnig að koma á fót styrkjum til að senda nemendur og kennara á milli með lágmarksfyrirhöfn.

Hægt er að hugsa sér nokkur skref sem hvert og eitt getur staðið sjálfstætt.

1. Kenna valin sjávarútvegsnámskeið frá HA í fjarnámi við Háskóla Grænlands.
2. Ráðgjöf við að byggja upp B.Sc. nám í sjávarútvegsfræði á Grænlandi. Kostnaður er óljós en miðað við að einn starfsmaður sinni verkefninu og ferðist reglulega á milli, gæti hann gróflega áætlað numið um 20 milljón kr. í byrjun.

Þemahópur D - Uppbygging og framlag til málefna norðurslóða

Starfshópurinn (D-hópur) hélt sjö fundi og ræddi 19 tillögur og hugmyndir að verkefnum í framkvæmdaáætlun í norðurslóðamálum út frá fjórum síðustu málsliðum norðurslóðastefnu Íslands. Málsliðirnir taka til stöðu og ímyndar Íslands sem norðurslóðaríkis, alþjóðlegs og innlends vísindastarfs á norðurslóðum, sjálfseignarstofnunar um norðurslóðir á Íslandi og eflingar Akureyrar enn frekar sem miðstöðvar norðurslóðamála. Hópurinn tók fyrir efnisatriði 16, 17, 18 og 19 úr norðurslóðastefnunni:

16. Að styrkja stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis með því að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu í málefnum norðurslóða, og efla miðstöðvar mennta, vísinda og umræðu.

17. Styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum og auðvelda miðlun á niðurstöðum vísindarannsókna, og efla innlent rannsóknarstarf, m.a. með því að móta rannsóknaráætlun um norðurslóðir.

18. Að byggja á árangri Hringborðs norðurslóða og skapa því umgjörð til framtíðar með því að koma á fót sjálfseignarstofnun um norðurslóðasetur á Íslandi.

19. Að efla Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi, m.a. með stuðningi við mennta- og rannsóknastofnanir og þekkingarsetur, og efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða.

Tillaga D1. Námsefni um norðurslóðir fyrir grunn- og framhaldsskóla

Þemahópur: D	Ráðuneyti: MRN	Stefnumið númer: 16
--------------	----------------	---------------------

Unnið verði kennsluefni um norðurslóðir og stöðu Íslands sem hluta af samfélögum norðurslóða fyrir grunn- og framhaldsskóla. Markmiðið er að bæta þekkingu nemenda á málefnum norðurslóða.

Að frátöldum þeim sem starfa innan norðurslóðamála á Íslandi vita fáir íbúar landsins óháð aldri hvað skilgreinir norðurslóðir. Með þessari tillögu er lagt til að unnið verði kennsluefni um norðurslóðir og stöðu Íslands sem hluta af samfélögum norðurslóða fyrir bæði grunn- og framhaldsskóla. Með þessu væri hægt að móta skilgreiningarnar betur fyrir nemendur sem dæmi: hvað eru norðurslóðir, hvaða þjóðir tilheyra samfélögum norðurslóða og hvers konar starf fer fram á Íslandi í sambandi við málefnið.

Tillögunni er skipt upp í tvo liði:

1. Námsfni fyrir grunnskólanema byggða á uppsetningu rafbókarinnar Hreint Haf - Plast á norðurslóðum sem var samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar, Landverndar og Menntamálastofnunar.
2. Námsfni fyrir framhaldsskóla sem hluta af samfélags- og menningarfræði, með hliðsjón af umhverfis- og loftslagsmálum.

Tillaga D2. Styrkja samstarfið á milli allra sem varða norðurslóðir

Þemahópur: D	Ráðun.: URN/UTN/HVIN	Stefnumið númer: 16, 19
--------------	----------------------	-------------------------

Margar stofnanir á Íslandi koma að norðurslóðamálum. Þessi vinna er þó ekki alltaf sýnileg og til mikils að vinna að auka sýnileika og samstarf. Aukið slíkt samstarf myndi stuðla að sterkari stöðu Íslands á norðurslóðum auk þess sem það gæti stuðlað að auknu alþjóðlegu samstarfi og fjármagni til að styðja við þá vinnu. Ísland hefur fjölmargar alþjóðlegar skuldbindingar sem snúa að umhverfismálum og öðrum málaflokkum og gæti aukið samtal stuðlað að betri yfirsýn yfir slíkar skuldbindingar og leitt til aðgerða sem styðja við loftslagsáætlun Íslands og annarra markmiða. Til að þessum markmiðum sé náð má áætla að aukið fjármagn þurfi til þess, en ekki síður virkt samtal milli ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra ásamt öðrum hagsmunaaðilum.

Þessari tillögu er skipt í sex liði (aðgerðir):

1. Auka fjárveitingu til Norðurslóðanets Íslands eyrnamerkt því að auka samstarf, samráð og sýnileika stofnana sem koma að norðurslóðamálum á Íslandi.
2. Stofna póstlista þar sem fréttum er deilt á milli aðila sem tengjast norðurslóðamálum og Norðurslóðanet Íslands hefur milligöngu um að nálgast og miðla slíkum upplýsingum í samstarfi við stofnanirnar sem við á.
3. Halda reglulega samráðsfundi til að fylgja eftir samþykktum Íslands innan Norðurskautsráðsins og þingmannanefnd norðurslóða, auk annarra alþjóðlegra skuldbindinga Íslands.
4. Styrkja starfsemi Íslandsstofu, fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri og annarra sem þegar eru að vinna að framgangi Íslands sem norðurslóðaríkis gagnvart alþjóðasamfélaginu.
5. Halda áfram því góða starfi sem hófst í tengslum við síðustu formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, m.a. með aukinni fjárveitingu ráðherra til CAFF og PAME.

6. Halda áfram og efla þátttöku íslenskra stofnana í vinnuhópum Norðurskautsráðsins og stuðla að auknum samgangi og samstarfi íslenskra stofnana við skrifstofur Norðurskautsráðsins á Íslandi og erlendis

Tillaga D3. Efla þátttöku innlendra aðila í Arctic Circle

Pemahópur: D	Ráðuneyti: FOR/UTN	Stefnumið númer: 16, 19
--------------	--------------------	-------------------------

Lagt er til að ráðstafanir verði gerðar til að efla þátttöku innlendra aðila í Hringborði norðurslóða – Arctic Circle, með sérstakri áherslu á ungt fólk, fyrirtæki í nýsköpun og aðila í skapandi greinum og að styrkja samvinnuverkefni milli sömu aðila og að ofan eru tilgreindir, og sambærilegra hópa frá hinum norðurslóðaríkjunum, til að standa straum af því að kynna verkefni sín og skapa tengsl við erlenda aðila á Hringborði norðurslóða.

Lagt er til að Hringborði norðurslóða verði gert kleift að styrkja frekar þátttöku ungs fólks, fyrirtækja í nýsköpun og aðila í hinum skapandi greinum til þátttöku og til að standa straum af kostnaði við að kynna verkefni sín á Hringborði norðurslóða.

Þátttökugjöld ráðstefna á borð við þing Hringborðs norðurslóða geta verið hamlandi þáttur í þátttöku áður nefndra hópa. Hringborðið gefur nú þegar umtalsverðan afslátt af skráningargjöldum til námsmanna (tæplega 80% afslátt) en ekki hefur verið svigrúm til þess að fella inn í þann flokk önnur ungmenni eða aðra þá hópa sem að ofan eru tilgreindir.

Sömuleiðis er talsverður kostnaður fólgin í því að halda málstofur á Hringborði norðurslóða, umfram skráningargjöld, þar með talinn ferðakostnaður erlendra samstarfsaðila, kostnaður við flutning á sýningargripum, gerð kynningarefnis og þar fram eftir götum.

Sem áður segir er árlegt þing Hringborðs norðurslóða í Reykjavík stærsti samráðsvettvangur á norðurslóðum og það sækja yfir 2000 manns á hverju ári. Eftirsóknarvert er fyrir ofangreinda hópa að sækja þingið því þar geta þeir komist í samband við mögulega samstarfsaðila og fjárfesta ásamt því að fá tækifæri til að kynna verkefni sín fyrir mögulegum notendum og/eða viðskiptavinum og auka við tengslanet sín.

Tillaga D4. Nýta markáætlun fyrir framkvæmdaráætlun stefnu Íslands í málefnum norðurslóða

Pemahópur: D	Ráðuneyti: HVIN/UTN	Stefnumið númer: 17
--------------	---------------------	---------------------

Sett verði á laggirnar sérstök rannsóknáætlun um norðurslóðir og markáætlun Rannís nýtt í stað þess að stofna sér sjóð fyrir framkvæmdaráætlunina. „Við teljum að

markáætlun geti verið mjög heppilegur farvegur fyrir áherslur stjórnvalda á hverjum tíma fyrir átaksverkefni og fyrir fjármögnun á alþjóðlegu samstarfi,“ (Ágúst Ingbórsson, framkvæmdarstjóri Rannís).

Eftirfarandi er lagt til í samræmi við lið 17. í stefnu Íslands í málefnum norðurslóða: „Að styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum og auðvelda miðlun á niðurstöðum vísindarannsókna, og að efla innlent rannsóknarstarf, m.a. með því að móta rannsóknáætlun um norðurslóðir.”

- Sett verði á laggirnar sérstök rannsóknáætlun um norðurslóðir sem byggir á fyrri tillögum Samvinnunefndar um málefni norðurslóða (seinast lögð fram árið 2018) og nýttir verði þeir innviðir sem til eru fyrir hendi í formi markáætlunar.
- Í skýrslunni *Kortlagning norðurslóðarannsókna á Íslandi (2020)* sem unnin var í samstarfi Norðurslóðanets Íslands, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Rannís kemur fram að norðurslóðarannsóknir hafa aukist talsvert á Íslandi undanfarinn áratug og hefur rannsóknastyrkjum til norðurslóðaverkefna einnig fjölgað.
- Aðgengi að öflugum (“bottom-up”) samkeppnissjóðum er bæði mikilvægt og nauðsynlegt fyrir vísindamenn á norðurslóðum en er ekki fullnægjandi. Markmiðið með norðurslóðarannsóknum er að leita þekkingar á örum samfélagslegum og náttúrulegum breytingum, þannig er einnig þörf á stöðugu eftirliti, mælingum og athugunum svo hægt sé að skapa heildstæða og samfellda tímaröð athugana. Rannsóknastofnanir og innviðir þeirra gegna mikilvægu hlutverki í langtíma vöktun og því geta þau ekki reitt sig einungis á fjárveitingar til skamms tíma. Þörf er á sértækri stefnu í þeim efnum og rannsóknáætlun um norðurslóðir (í sumum tilfellum heimskautasvæðunum báðum), líkt og t.a.m. systurstofnanir Rannís hýsa í, Bandaríkjunum (hýst af NSF), Noregi (hýst af Rannsóknaráði Noregs) og Finnlandi (hýst af Akademíu Finnlands) væri mikilvægt skref fram á við. Tvær síðastnefndu stofnanirnar voru ásamt Rannís, Rannsóknaráði Svíþjóðar og Menntamálaráðuneyti Danmerkur aðilar að norðurslóðarannsóknáætlun NordForsk (2015-2021) sem gaf ágæta raun.
- Lagt er til að byggt verði á grunni tillögu SUMN um rannsóknáætlun um norðurslóðir sem lögð var fram árið 2018 og hún uppfærð í samræmi við núverandi ástand. Til hliðsjónar verði höfð skýrslan *Kortlagning norðurslóðarannsókna á Íslandi* auk erlendra rannsóknáætlana um norðurslóðir sem hafa verið virkar í öðrum norðurslóðaríkjum og í norrænunum og evrópskum sjóðum sem styðja við rannsóknir, menntun og nýsköpun.
- Samráð verði haft innan SUMN og við aðra hagaðila um mótun tillögu að nýrri rannsóknáætlun um norðurslóðir. Í framhaldi verði kannaður grundvöllur þess að tillagan verði lög til við Vísinda- og tækniráð í formi markáætlunar um samfélagslegar áskoranir.

Tillaga D5. Valdefling ungmenna á norðurslóðum

Þemahópur: D	Ráðuneyti: FRN/MRN/UTN	Stefnumið númer: 17, 16
--------------	------------------------	-------------------------

Tillagan er að heimfæra þekkinguna og verklagið sem hefur orðið til í Leiðtogaskóla Íslands og stofna námskeið/skóla undir formerkjunum; valdefling ungmenna á norðurslóðum, sem samstarfsverkefni byggt m.a. á því að tengja saman sérþekkingu Landssambands ungmennafélaga og tengslanet Arctic Youth Network.

Á Íslandi hefur Landssamband ungmennafélaga (LUF) starfrækt Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ) síðan árið 2016. Markmið skólans er að efla leiðtogahæfni og valdefla ungt fólk og hefur hann m.a. hlotið viðurkenningu Evrópuráðsins sem „gott fordæmi“ (e. Best practice) í Evrópu.

LSÍ er rekinn af hugsjón sem byggir á jafningjafræðslu og óformlegri menntun, sem felur í sér að fjölbreyttur hópur ungs fólks með reynslu, getu og þekkingu sér um skipulagningu og kennslu í skólanum. Í núverandi mynd felur hann í sér námskeið yfir tvær helgar og er fyrirkomulagið auðveldlega skalanlegt.

Á síðustu árum hefur á norðurslóðum farið fram ýmis vinna við valdeflingu ungs fólks, t.d. í tengslum við Arctic Youth Summit Rovaniemi Declaration (2018), CAFF Youth Engagement Strategy (2021-2026), Arctic Youth Leaders' Summit (haldið árlega) og Arctic Youth Wellbeing Network (verkefni unnið af Arctic Youth Network fyrir Norðurskautsráðið). Engu að síður er enn vöntun á leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk í samhengi norðurslóða sem er bæði reglubundin og aðgengileg öllu ungu fólki á norðurslóðum (þ.m.t. Íslandi).

Tillagan snýst um að heimfæra þekkinguna og verklagið sem hefur orðið til í LSÍ og stofna Leiðtogaskóla norðurslóða sem samstarfsverkefni byggt m.a. á því að tengja saman sérþekkingu Landssambands ungmennafélaga og tengslanet Arctic Youth Network. Eðli málsins samkvæmt gætu fleiri viðkomandi og áhugasamir aðilar komið að verkefninu, sem jafnframt væri tækifæri til að bæði efla verkefnið og dreifa kostnaðarálagi.

Hugmyndin er skalanleg og því auðvelt að sníða stakk eftir vexti, bæði varðandi umfang og eins hvort það sé til að byrja með framkvæmt árlega eða á tveggja til þriggja ára fresti. Helstu kostnaðarliðir myndu tengjast skipulagningu staðfundar, gistingu, fæði, ferðalögum og þóknun til þjálfara. Mikil sparnaðartækifæri gætu falist í því að tengja verkefnið við aðra viðburði, t.d. Hringborð norðurslóða.

Verkefnið myndi stuðla að stefnu Íslands í málefnum norðurslóða m.a. á eftirfarandi vegu:

1. Styrking á stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis:

- Aukin innlend þekking á norðurslóðum vegna þátttöku ungs fólks sem síðan deilir reynslu sinni áfram til jafningja sinna.
- Aukinn sýnileiki sérþekkingar og frumkvæðis Íslands á norðurslóðum.
- Efling óformlegrar menntunar sem varðar norðurslóðir, sem getur jafnframt nýst óbeint fyrir skólakerfið.
- Aukin kynning á norðurslóðum og umræður um þær. Hér væri hægt að fá innlenda og erlenda umfjöllun um verkefnið, með persónulegum frásögnum þátttakenda eftir því sem við á.

2. Stuðningur við alþjóðlegt vísindastarf á norðurslóðum:

- Auðveldari miðlun fróðleiks milli málsvæða í gegnum samstarf ungs fólks frá mismunandi þjóðum norðurslóða.
- Reynsla og þekking ungra frumbyggja yrði mjög virðisaukandi fyrir verkefnið og myndi jafnframt stuðla að frekari samstarfstækifærum milli þekkingarkerfa, þ.e. vestrænna vísinda og hefðbundinnar/arftekinnar þekkingar frumbyggja.

3. Framfylgd eftirfarandi markmiða í þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða:

- (1) Að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða á grundvelli þeirra gilda sem höfð hafa verið að leiðarljósi í íslenskri utanríkisstefnu, m.a. um frið, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.
- (4) Að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- (9) Að beina sjónum að velferð íbúa á norðurslóðum, m.a. möguleikum þeirra til lífsafkomu og aðgengi þeirra að stafrænum fjarskiptum, menntun og heilbrigðisþjónustu, að styðja réttindi frumbyggja og jafnrétti í hvívetna sem og viðleitni til að vernda menningararf og tungumál þjóða sem byggja norðurslóðir.
- (11) Að efla viðskipti og samstarf á sviði atvinnulífs, mennta og þjónustu innan norðurslóða, ekki síst við næstu nágretta Íslands á Grænlandi og í Færeyjum.
- (16) Að styrkja stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis með því að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu í málefnum norðurslóða, og efla miðstöðvar mennta, vísinda og umræðu.

Tillaga D6. Stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar og kortlagning samvinnu, samlegðar og skörunar

Pemahópur: D	Ráðuneyti: FOR/UTN	Stefnumið númer: 18
--------------	--------------------	---------------------

Unnið verði að því að kanna með samvinnu við alla helstu hagaðila í verkefnum, sem varða norðurslóðamálefni, hvernig fyrirhuguð Stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar getur eflt norðurslóðastarfið og samvinnu um það hér á landi. Árangursríkt er að könnunin verði unnin nú á undirbúningsstigi stofnunarinnar og aðstöðu undirbúningsins, jafnt sem fyrirætlunum, verði gerð opinber skil.

Í norðurslóðastefnunni (liður. 18) er lagt til „að byggja á árangri Hringborðs norðurslóða og skapa því umgjörð til framtíðar með því að koma á fót sjálfseignarstofnun um norðurslóðasetur á Íslandi“. Stofnunin skal sinna margþættum málefnum. Sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum stofnana og ráðuneyta, fjallaði um verkefnið, áður en undirbúningur að stofnuninni hófst, og lagði fram tillögur og umfjöllun sem ekki lá fyrir við vinnu starfshópanna fimm sem samið hafa tillögur að verkefnaáætlun skv. norðurslóðastefnunni. Í stofnskrá Stofnunar Ólafs Ragnars Grímssonar er gerð grein fyrir því hvaða málefnum er fyrirhugað að sinna. Þar má nefna málefni norðurslóða á Íslandi, málefni hafsins, hreinnar orku, nýsköpunar, frumbyggja og loftslagsmál. Starfsaðstaða Hringborðs norðurslóða verður hluti af fyrirhugaðri byggingu sem búið er að úthluta stofnuninni lóð fyrir í Reykjavík. Hafinn er fjárhagslegur undirbúningur, undirbúningur að alþjóðlegri samkeppni um bygginguna og stjórn stofnunarinnar hefur verið skipuð. Allra hagar felst í að nokkuð skýrari mynd fái af alþjóðlegu og innlendu hlutverki Stofnunar Ólafs Ragnars Grímssonar, hvernig starfsemi hennar fellur að því fjölbreytta og faglega starfi sem þegar er unnið á vettvangi norðurslóðamálefna hér á landi og hvernig hún getur eflt það. Slík kortlagning getur þannig leitt í ljós tækifæri en einnig mögulegar áskoranir sem líta þarf til vegna yfirstandandi stefnumótunar í málafloknum og rekstri stofnana og fjármögnunar verkefna sem fyrir eru.

Tillaga D7. Styrkja samstarf bæjarstjóra á norðurslóðum (Arctic Mayors Forum)

Þemahópur: D	Ráðuneyti: IRN/IRN	Stefnumið númer: 19
--------------	--------------------	---------------------

Lagt er til að íslensk stjórnvöld styrki starfsemi Arctic Mayors Forum sem lykilaðila í tengslum norðurslóðaríkja á sveitastjórnarstigi og veiti fjármunum í rannsóknir og samstarf á því sviði.

Samstarf á norðurslóðum er margvíslegt og á sér stað á öllum stigum samfélagsins hvort heldur sem er á sviði stjórnáttatengsla, rannsókna eða samfélagslegra verkefna. Þátttaka Íslands og frumkvæði í slíku samstarfi getur verið lykilatriði þegar kemur að því að styrkja ímynd og hlutverk Íslands sem norðurslóðaríkis, bæði inn á við sem og gagnvart nágrennaríkjum okkar. Hlutverk sveitastjórna í slíku samstarfi er mikilvægt, sérstaklega þegar kemur að samfélagslegum verkefnum og rannsóknum.

Arctic Mayors Forum var formlega stofnað árið 2019 til að auka hlut sveitastjórna í umræðu og ákvarðanatöku um þróun norðurslóða. Í Arctic Mayors Forum sitja fulltrúar sveitastjórna frá öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins. Fulltrúar Akureyrarbæjar voru meðal þeirra sem áttu frumkvæði að stofnun Arctic Mayors Forum og eiga sæti í stjórn samtakanna.

Lagt er til að í norðurslóðastefnu stjórnvalda komi fram skýr stuðningur við þátttöku sveitastjórnarstigsins í gegnum Arctic Mayors Forum og að fjármunum verði veitt til stuðnings samfélagslegra verkefna og rannsókna á sveitastjórnarstigi.

Tillaga D8. Styrkja alþjóðastöðu Akureyrar.

Þemahópur: D	Ráðuneyti: UTN/HVIN/URN	Stefnumið númer: 19
--------------	-------------------------	---------------------

Lagt er til að viðhalda og efla alþjóðastarf og viðveru alþjóðlegra stofnana á sviði norðurslóðarannsókna, á Akureyri.

Viðhalda og, mögulega, útvíkka:

- Alþjóðlega norðurslóðastarfsemi á Akureyri
- Viðveru alþjóðlegra þjónustuskrifstofa á Akureyri
- Ráðningum alþjóðlegs norðurslóðavísindafólks annars fagfólks í rannsóknum, stefnumótun, o.fl.

- Þátttöku stofnana á Akureyri í alþjóðlegum, norrænum, evrópskum, eða öðrum áætlunum og samstarfsverkefnum.
- Útrás UNAK og annarra nema, rannsakenda, fagaðila, til kennslu og starfsreynslu erlendis á staðnum og í netheimum.
- Heimkoma norðurslóðafraeðimanna, -fagfólks og annarra til Akureyrar eftir nám og/eða starfsreynslu erlendis.
- Flutningur erlends norðurslóðavísindamanna og -fagfólks til Akureyrar.
- Alþjóðlegar norðurslóðarannsóknar, -stefnumótunar, -viðskipta, -samfélags, -menningar, o.s.frv. ráðstefnur og fundir á Akureyri.
- Stuðningur og styrking samstarfs UNAK við háskólann á Grænlandi.

Akureyri og stofnanir þar taka mikinn þátt í alþjóðlegum norðurslóðarannsóknum og stefnumótun í norrænu, evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Akureyri og Reykjavík eiga í dæmigerðri togstreitu milli miðju og jaðars, eins og t.d. Osló og Tromsö, og gerist einnig í öðrum löndum. Jaðarsvæði eru ekki endilega háð því að vinna í gegnum miðstöðina. Þau geta farið beint á alþjóðasviðið. Norðurslóðastarfsemin á Akureyri treystir meira á alþjóðavettvang en á heimavöllinn. Akureyri hefur laðað að sér alþjóðlegar norðurslóðaskrifstofur. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er mjög áberandi í alþjóðlegri norðurslóðasamvinnu. Þetta viðamikla alþjóðasamtarf sem stofnanir á Akureyri taka þátt í byggir á fjölþjóðlegum mannauði og öfluglu „leitarneti“ heima fyrir. Fjölþjóðlega mannauðnum tilheyrja bæði Íslendingar með víðfeðma alþjóðlega menntunar- og starfsreynslu og alþjóðlegir norðurslóðavísindamenn og fagfólk með aðsetur á Akureyri. Fjölþjóðlegur mannauður er auðlind sem þarf að rækta með alþjóðlegri samvinnu um rannsóknir, menntun, stefnumótun, og viðskipti sem styrkir faglegt tengslanet í málaflokknum til lengri tíma litið og orðspor Akureyrar sem norðurslóðamiðstöðvar.

Liður í því að styrkja alþjóðastarfið á Akureyri gæti verið að styðja við samstarf UNAK og Háskólans á Grænlandi sem þegar er hafið. Samstarf UNAK og Ilimatusarfik um fjarnám, stúdenta- og starfsmannaskipti, auk sameiginlegra námskeiða er þegar hafið.

Þemahópur E - Leit og björgun, fjarskipti, björgunarklasi

Starfshópurinn ræddi hugmyndir að verkefnum sem snúa að öryggismálum á hafi og í lofti. Hópurinn tók fyrir efnisatriði 12, 13 og 14 úr norðurslóðastefnunni:

12. Að vinna að því að efla vöktun og tryggja betur öryggi í samgöngum á hafi og í lofti, m.a. með bættum fjarskiptum og aukinni útbreiðslu gervihnattakerfa, t.d. vegna gervihnattaleiðsögu.

13. Að efla getu til leitar og björgunar, auk viðbragða við mengunarslysum, m.a. með því að byggja upp innlendan björgunarklasa og styrkja enn frekar alþjóðlegt samstarf.

14. Að gæta öryggishagsmuna á norðurslóðum á borgaralegum forsendum og á grundvelli þjóðaröryggisstefnunnar, vakta vel þróun í öryggismálum í samráði við aðrar Norðurlandþjóðir og önnur bandalagsríki Íslands í NATO, mæla gegn hervæðingu og vinna markvisst að því að viðhalda friði og stöðugleika á svæðinu. (Hvað viðkemur leit, björgun og vöktun).

Tillaga E1. Bætt fjarskipti

Þemahópur: E	Ráðuneyti: HVIN/DMR	Stefnumið númer: 12
--------------	---------------------	---------------------

Bæta fjarskiptaöryggi með auknu samstarfi öryggisstofnana.

Bæta fjarskiptaöryggi með því að tryggja betur raunlægt og kerfislægt öryggi fjarskiptakerfa sem nýtt eru til vöktunar á hafi og í lofti með auknu samstarfi Landhelgisgæslu og Fjarskiptastofu.

Koma á reglubundnu samstarfi milli Landhelgisgæslu, sem sinnir eftirliti á hafi og lofti og Fjarskiptastofu, sem annast stjórnábyrgð og eftirlit með framkvæmd fjarskipta og netöryggismála. Með reglubundnum fundum og kynningum á stöðumyndum eru meiri líkur á að komið sé auga á tækifæri til umbóta.

Einnig er ör þróun í fjarskipta- og gervitunglataekni og tengdum innviðum bæði á Grænlandi og Svalbarða og full ástæða til að kanna frekara samstarf við þessa nágretta okkar.

Tillaga E2. Nýta betur Arctic Ship Traffic Database

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR/IRN/URN	Stefnumið númer: 12
--------------	------------------------	---------------------

Kynna fyrir íslenskum aðilum aðgang að Arctic Ship Traffic Database (ASTD)

Kynna fyrir íslenskum aðilum Arctic Ship Traffic Database (ASTD) sem er gagnagrunnur byggður á gervihnattaupplýsingum um siglingar á norðurslóðum. PAME vinnuhópur Norðurskautsráðsins starfrækir þennan gagnagrunn í samvinnu við Norðmenn og Bandaríkjamenn og hafa íslenskar ríkisstofnanir aðgang að honum. Gögnin geta nýst m.a. til að fylgjast með margvíslegum þáttum tengdum siglingum á norðurslóðum, til dæmis fjölda skipa, tegund þeirra og olíunotkun sem er t.d. hægt að nýta til samþættingar á vöktun í hafi. Útfærslurnar geta verið af margvíslegum toga þar sem samvinna og upplýsingasamskipti aðildarríkja Norðurskautsráðsins á þessum vettvangi væri gefið aukið vægi meðal sérfræðinga hér á landi. Þessir aðilar væru til dæmis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, innviðaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Fiskistofa, Háskólar, Landhelgisgæslan, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

Gert er ráð fyrir að útbúa kynningarefni og heimsækja viðkomandi stofnanir til að kynna og ræða gögnin og möguleg verkefni eða samstarf.

Tillaga E3. Efla vöktun með huldum siglingum

Þemahópur: E	Ráðuneyti: IRN/DMR	Stefnumið númer: 12
--------------	--------------------	---------------------

Efla vöktun á hafi með þeirri siglingaumferð sem ekki sendir frá sér merki, hvort sem það er viljandi eða óviljandi.

Megnið af vöktun skipaumferðar byggir á upplýsingum sem eru sendar frá viðkomandi fari, svo sem í gegnum AIS kerfi eða aðrar sjálfvirkar tilkynningar. Hins vegar eru fá úrræði til staðar þegar kemur að tækjum sem ekki senda frá sér merki, annað hvort viljandi eða vegna bilunar í búnaði. Þau tæki sjást eingöngu með raunefirliti, þ.e. úr varðskipum, þylrum eða flugvélum, eða á gervitunglamyndum. Gervitunglamyndir eru þó ekki í nægjanlegri upplausn til að hægt sé að greina eðli þess sem birtist á myndinni og aðstæður teljast því ekki fullkannaðar fyrr en raunefirlit hefur staðfest upplýsingarnar. Búnaður Landhelgisgæslu sinnir gríðarstórum hafsvæðum Íslands og óraunhæft að þær einingar geti haldið uppi samfelldu raunefirliti umhverfis landið á hverjum tíma. Flugvélin TF-SIF kemst þó næst því, en hún getur skannað alla efnahagslögsöguna í u.þ.b. tveimur flugferðum. Flugvélin er hins vegar í verkefnum erlendis stóran hluta árs og það vita þeir sem vilja komast ósédur um íslensk hafsvæði. Það eru því þrjár aðgerðir sem lagðar eru til:

- Tryggja viðveru flugvélarinnar TF-SIF á Íslandi.
- Setja upp færanlega ratsjá eða koma upp staðbundnum ratsjám með ströndum á þeim svæðum sem hætta á landtöku er talin mest.

- Til lengri tíma: tryggja aðgang að myndum úr hátæknigervitunglum. Þróun gervitunglataækni er hröð og mögulega munu gervitungl geta sinnt þessu eftirlit af meiri nákvæmni í framtíðinni. Íslenskir löggæsluaðilar, þ.e. RLS og LHG geta mögulega haft samstarf um fyrirbyggjandi gögn og þróun tækninnar til eftirlits.

Tillaga E4. Skemmtiferðaskip sigli í þörum

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR/IRN/UTN	Stefnumið númer: 12
--------------	------------------------	---------------------

Kanna möguleika þess að norðurslóðaríkin setji kröfu um að farþegaskip yfir vissri stærð sigli í þörum.

Gríðarlega erfitt er að tryggja öryggi þeirra sem eru um borð í stærri farþegaskipum ef neyðarástand skapast sem krefst þess að margir eða allir fari frá borði því að fæst, ef einhver, viðbúnaðarkerfi eru hönnuð til að flytja mörg hundruð eða þúsund manns á skömmum tíma af hafi. Nefnt hefur verið að setja kröfu á farþegaskip sem sigla um norðurslóðir um að þau pari sig saman svo að það sé aldrei meira en t.d. 20 sml á milli (n.k. „buddy-system“). Þá eru skipin tæplega í augnsýn hvers annars en þó nógu nálægt til að geta brugðist við atvikum. Þar með væri búið að stórauka líkurnar á því að skip sem gæti mögulega veitt aðstoð sé ekki of langt frá. Fyrirsjáanleg er veruleg aukning siglingum skemmtiferðaskipa um norðurslóðir á næstu árum, eins og sjá má á bókunum í höfnum.

Aðgerð: Þetta gæti verið verkefni fyrir PAME hjá Norðurskautsráðinu. Hægt væri að byrja á því að athuga hvaða reglur eru til staðar (Rússland og Kanada eru til dæmis með sérhæfðar reglur) og athuga þá reglugerðir IMO í leiðinni, sem og að athuga hvar slíkar reglur hafa verið settar. Hægt væri að nota gagnagrunn PAME til að greina siglingar farþegaskipa á norðurslóðum, þannig væri hægt að sjá til dæmis stærð skipanna. (PAME hefur raunar nú þegar gert slíkar athuganir). Þessi vinna gæti endað á kynningu innan Norðurskautsráðsins og hægt væri að fá IMO beint að þessari vinnu í gegnum PAME.

Tillaga E5. Framfylgja SAR Cooperation Plan

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR	Stefnumið númer: 12
--------------	----------------	---------------------

Framfylgja kröfum IMO SAR Cooperation Plan um að öll skip leggi inn siglingaáætlun við upphaf ferðar.

IMO setur kröfur um sk. SAR Cooperation Plan sem farþegaskip eiga að hafa skilað til, eða gert aðgengilegt, leitar- og björgunarstjórnstöðvum við upphaf ferðar. Þessu er þó ekki fylgt

eftir. Því til viðbótar væri kostur ef skip leggðu inn siglingaáætlun í upphafi ferðar og að hún væri aðgengileg með sambærilegum hætti.

Aðgerð: Norðurslóðaríkin taki sig saman um að móta stefnu sem knýr á um aðgang viðkomandi aðila að þessum upplýsingum og hvernig skuli framfylgja því að upplýsingarnar séu lagðar fram.

Tillaga E6. Yfirfara mengunarvarnarbúnað vegna orkuskipta á hafi

Þemahópur: E	Ráðuneyti: IRN/URN	Stefnumið númer: 12 og 13
--------------	--------------------	---------------------------

Yfirfara og mögulega endurnýja mengunarvarnarbúnað m.t.t. orkuskipta.

Mögulegt er að vegna orkuskipta og annarra ráðstafana vegna loftslagsbreytinga að siglingar fari fram á öðrum orkugjöfum en tíðkast nú. Mikilvægt er að fylgjast með þeirri þróun og aðlaga mengunarvarnarbúnað samhliða. Einnig er mikilvægt að tryggja að öll varðskip hafi aðgang að mengunarvarnabúnaði um borð eða nálægt heimahöfn. Mengun nýrra orkugjafa getur verið allt annars eðlis en olíumengun, t.d. veldur ammoníak gasmengun sem gæti lagst yfir byggðir í skýi.

Tillaga E7. Viðmið um viðbragðs- og björgunargetu Landhelgisgæslu

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR	Stefnumið númer: 13
--------------	----------------	---------------------

Setja verður fram skýr viðmið um viðbragðs- og björgunargetu Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæsla Íslands er helsta björgunar- og öryggisstofnun landsins þegar kemur að málefnum norðurslóða. Stofnunin býr yfir flóknum tækjakosti sem krefst mikillar sérfræðiþekkingar í rekstri og nýtingu. Setja verður fram skýr viðmið um viðbragðs- og björgunargetu Landhelgisgæslunnar, þann tækjakost og mannauð sem til þarf og langtímaáætlanir um fjárfestingar.

Tillaga E8. Björgunarklassi norðurslóða

Pemahópur: E	Ráðuneyti: DMR/UTN	Stefnumið númer: 13
--------------	--------------------	---------------------

Vinna að undirbúningi stofnunar Björgunarklasa norðurslóða á Íslandi.

Fyrir liggja niðurstöður stýrihóps um fýsileika alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar norðurslóða á Íslandi. Niðurstöður hópsins voru að æskilegast væri að koma á fót klasaframtaki þar sem hægt væri að nálgast björgunarmál norðurslóða frá margvíslegum sjónarhornum.

Lögð er áhersla á að fyrstu skref þess verkefnis verði eftirfarandi:

- Gera mat á staðarvali fyrir björgunarklasa sem yrði staðsettur á Íslandi. Taka þarf tillit til innviða á staðnum, möguleikum til uppbyggingar, þörf á stoðþjónustu, eðli verkefna o.fl.
- Einn angi klasans myndi verða tengipunktur innlendra aðila sem fara með björgunar- og öryggismál á norðurslóðum. Mikilvægt er að auka samstarf stofnana, háskólasamfélagsins og fyrirtækja (sér í lagi nýsköpunarfyrirtækja) svo hægt sé að koma auga á tækifæri og samlegðaráhrif.
- Annar angi klasans myndi verða tengipunktur erlendra aðila við Ísland þegar kemur að öryggis- og björgunarmálum á norðurslóðum. Má þar nefna t.d. vinnuhópa Norðurskautsráðsins og Horizon2020 verkefni (t.d. ARCSAR og AI-ARC), erlendar stofnanir eins og US Coast Guard, ICEYE, Arctic Coast Guard Forum o.fl. Þessi hluti klasans þyrfti að hafa sterka stöðu í netheimum svo erlendir samstarfsaðilar geti auðveldlega leitað hann uppi og tengst honum.
- Að innan björgunarklasans verði lögð rík áhersla á nýsköpun svo stjórnvöld geti unnið með vísindasamfélaginu og iðnaðinum að stefnum og lausnum fyrir áskorarnir í öryggismálum.
- Skoða framgang þróunarvinnu Kadeco, sem vinnur að heildarskipulagningu nærsvæðis Keflavíkurflugvallar.
- Skoða hlutverk klasans í stofnun námsbrautar um öryggismál og innan hennar eða tengt henni yrði námsbraut lögreglufræða, strandgæslufræða, netöryggisfræða o.s.frv. Nú þegar er nám í lögreglufræðum hjá HA og áfallastjórnun hjá Háskólanum á Bifröst.
- Enn annar angi klasans gæti verið alþjóðlegur hópur ískönnunar (frá Íslandi væri háskólasamfélag, Veðurstofa, Landhelgisgæsla). Þar færi fram þróun og samstarf ískönnunar.
- Að koma á samráðsvettvangi fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila, fræðasamfélag og aðra viðeigandi aðila til að stuðla að auknu upplýsingaflæði. Það mætti koma á fót virkum

samráðsvettvangi fyrir aðila er koma að málefnum er varða leit, björgun og mengunarvarnir.

- Einnig er þörf á vettvangi sem tengir fræðasamfélag og viðeigandi stofnanir er vinna að málaflokknum. Tengja mætti slíkan samráðsvettvang við árlegt Lausnamót fyrir björgun, í samvinnu við atvinnulíf og vísindasamfélag og halda árlegan samráðsfund íslenskra aðila um öryggismál. Þá þarf einnig að skoða hvort einhver háskólanna á landinu væri til þess fallinn að sérhæfa sig í þessum málaflokki og taka forystu sem þekkingarsetur og leiða innlent samráð og samstarf um öryggismál norðurslóða.

Tillaga E9. Kortleggja tækifæri í milliríkjasamningum

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR/UTN	Stefnumið númer: 13
--------------	--------------------	---------------------

Kortleggja þarf tækifæri í milliríkjasamningum um málefni er lúta að leit og björgun og viðbrögðum við mengun á sjó. Þá mætti yfirfara hvort þörf er á endurskoðun þeirra samninga.

Ísland er aðili að fjölmörgum milliríkjasamningum er lúta að málefnum tengdum leit og björgun, fjarskiptum, samgöngum og mengunarvörnum. Kortleggja þyrfti tækifæri Íslands í gildandi milliríkjasamningum m.a. til aukins samstarfs milli ríkja, þekkingarmiðlunar og styrkjaumsókna. Að sama skapi mætti yfirfara hvort þörf er á endurskoðun þeirra samninga. Einnig þarf að tryggja að stofnanir séu upplýstar um þá samninga sem innihalda kröfur og tækifæri fyrir starfsemi þeirra.

Tillaga E10. Þátttaka í æfingum

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR	Stefnumið númer: 13
--------------	----------------	---------------------

Að tryggja reglulega þátttöku í alþjóðlegum æfingum.

Mjög mikilvægt er að styrkja tengsl við þá aðila á norðurslóðum sem kæmu til með að geta aðstoðað við leit og björgun og/eða viðbrögð við mengun á sjó. Reglubundnar æfingar efla tengsl og varpa ljósi á vankanta og veikleika í samstarfi. Einnig þarf að halda æfingar með t.d. farþegaskipaiðnaðinum, til að æfa viðbrögð við sjóslusum og fjöldabjörgun. Afar mikilvægt er að þekkja betur getu þessara sjófara til sjálfsbjörgunar og stuðla að efltri getu þeirra til að aðstoða hvert annað.

Æskilegt væri að formgera ferli þar sem haldin er ein til tvær björgunaræfingar á ári þar sem viðbragðsaðilar á Íslandi koma saman og samhæfa viðbrögð við leit og björgun svo sem fjöldabjörgun og/eða samhæfa viðbrögð við mengun í sjó. Tryggja þarf að formleg rýni fari fram eftir staðfestu verklagi og sá lærdómur sem er dreginn af hverri æfingu sé skráður og honum fylgt eftir.

Landhelgisgæslan og Almannavarnir fá boð á mun fleiri æfingar en mögulegt er að taka þátt í.

Aðgerð: Að formbinda æfingaferli þegar kemur að alþjóðlegum æfingum með öðrum norðurslóðaríkjum. Til dæmis með því að tryggja að það sé tæknilegur samstarfsvettvangur sem allir geti haft aðgang að og að setja saman og komast að niðurstöðu um sameiginlega æfingaáætlun og ferla „SOP“ (Standard Operational Procedures).

Tillaga E11. Gera samstarfssamning við European Space Agency

Þemahópur: E	Ráðuneyti: DMR/UTN	Stefnumið númer: 12 og 14
--------------	--------------------	---------------------------

Gera samstarfssamning við European Space Agency (ESA).

Með aðild að ESA fengi Ísland aðgang að tækni sem myndi bæta siglinga- og flugöryggi. Íslenskt fræðasamfélag myndi einnig njóta góðs af slíku samstarfi. Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktun þar sem utanríkisráðherra var falið að sækja um aðild Íslands að ESA. Á fundum með fulltrúum stofnunarinnar hefur m.a. komið fram að ferlið við fulla aðild Íslands að ESA getur tekið um 10 ár og er full aðild talsvert kostnaðarsöm. ESA hefur því lagt til sem fyrsta skref að unnið verði að gerð samstarfssamnings. Slíkt ferli getur tekið um eitt ár og felur ekki í sér kostnað fyrir íslensk stjórnvöld. Ef gerður verður samstarfssamningur við ESA sem reynist hagfelldur fyrir Ísland fæst dýrmæt reynsla til að leggja mat á fýsileika fullrar aðildar síðar. Vinna þarf frekari greiningu á ávinningi af samstarfi við ESA með tilliti til öryggisþátta í samgöngum, faglegrar þátttöku í vísindum og rannsóknum og aðgengi að styrkjakerfi ESA. Þá þarf að huga að tilnefningu tengiliðar íslenskra stjórnvalda við stofnunina vegna hugsanlegs samstarfssamnings. Þar sem samstarf og hugsanleg aðild að ESA snertir málefnasvið nokkurra ráðuneyta er mikilvægt að tryggja frekara samstarf og samhæfingu innan Stjórnarráðsins á þessu sviði.

Samsetning þemahópa

Þemahópur A

Hópstjóri: Guðrún Þorbjörnsdóttir, utanríkisráðuneytið. Starfsmaður: Erla Ylfa Óskarsdóttir, utanríkisráðuneytið. Danfríður K. Skarphéðinsdóttir, umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið; Emil Ísleifur Sumarliðason, Hringborð norðurlóða (Arctic Circle); Hjalti Hreinsson, PAME; Hrefna Ragnhildur Jóhannesdóttir, forsætisráðuneytið; Kári Fannar Lárusson, (CAFF); Kristín Ingvarsdóttir, Háskóli Íslands; Rachael Lorna Johnstone, Háskólinn á Akureyri; Rögnvaldur Guðmundsson, SSNE; Soffía Guðmundsdóttir, PAME; Sólrún Svandal, utanríkisráðuneytið; Susan Christianen, Auðna tæknitorg (TTO Iceland); Ögmundur Knútsson, Fiskistofa.

Þemahópur B

Hópstjóri: Halldór Björnsson, Veðurstofu Íslands. Starfsmaður: Sveinbjörg Smáradóttir, Norðurlóðanet Íslands og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtök Íslands; Davíð Örvar Hansson, Umhverfisstofnun; Esther Jónsdóttir, Ungir umhverfissinnar Halla Einarsdóttir, Umhverfisstofnun; Hjalti Hreinsson, PAME; Hrönn Egilsdóttir, Hafrannsóknastofnun; Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Háskóli Íslands; Jón Ólafsson, Hafrannsóknastofnun, Kári Fannar Lárusson, CAFF; Ragnhildur Friðriksdóttir, Byggðastofnun; Sigurrós Friðriksdóttir, Umhverfisstofnun; Smári Jónas Lúðvíksson, SSNE; Snorri Sigurðsson, Náttúrufræðistofnun Íslands; Sólveig Rósa Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun; Sunna Björk Ragnarsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands; Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun; Una Lilja Erludóttir, Ungir umhverfissinnar.

Þemahópur C

Hópstjóri: Þorsteinn Gunnarsson, f.v. rektor Háskólans á Akureyri, vísindafélagi, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Starfsmaður: Sveinbjörg Smáradóttir, Norðurlóðanet Íslands og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Ann-Sofie Nielsen Gremaud, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur; Árni Gunnarsson, Iceland Travel; Egill Þór Níelsson, Rannís; Elías Bj. Gíslason, Ferðamálastofa; Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri; Friðrik Árni Friðriksson Hirst, Háskóli Íslands; Guðmundur Óskarsson, Hafrannsóknastofnun; Heiðar Guðjónsson, Norðurlóðaviðskiptaráð; Haukur Óskarsson, Grænensk-íslenska viðskiptaráðið; Helgi Björgvinsson, Icelandair; Helga Guðrún Númeradóttir, Háskólinn á Akureyri; Hjalti Jóhannesson, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri; Hólmfríður Sveinsdóttir, innviðaráðuneytið; Hreiðar Valtýsson, Háskólinn á Akureyri; Jón Haukur Ingimundarson, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar; Jónas Egilsson,

Langanesbyggð; Líneik Anna Sævarsdóttir, Íslandsdeild þingmannanefndar um málefni norðurslóða, Alþingi; Níels Einarsson, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar; Reinhard Reynisson, Byggðastofnun; Sigrún Alba Sigurðardóttir, Háskóli Íslands; Sigurður E. Sigurðsson, Sjúkrahúsið á Akureyri; Þór Þórarinnsson, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið; Pröstur Friðfinnsson, Grýtubakkahreppur. Aðrir sem lögðu hópnum til efni voru, Embla Eir Oddsdóttir, Norðurslóðanet Íslands, Joan Nymand Larsen, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Ríkarður Ríkarðsson, Landsvirkjun.

Þemahópur D

Hópstjóri: Ari Trausti Guðmundsson, fyrrverandi þingmaður. Starfsmaður: Inga Hildur Jóhannsdóttir, Norðurslóðanet Íslands. Anna heiða Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun; Ásdís Ólafsdóttir, Hringborð norðurslóða; Ástríður Jónsdóttir, Hringborð norðurslóða; Björn Erlingsson, Egill Þór Níelsson, Rannís; Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Háskólinn á Akureyri Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Rannsóknamiðstöð ferðamála; Hjalti Hreinsson, PAME; Hrönn Egilsdóttir, Hafrannsóknastofnun; Hugi Ólafsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti; Jórunn Harðardóttir, Veðurstofa Íslands; Kári Fannar Lárusson, CAFF; Níels Einarsson, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar; Oddur Þór Vilhelmsson, Háskólinn á Akureyri; Pétur Halldórsson, Landssamband ungmennafélaga; Pia Elísabeth Hansson, Háskóli Íslands; Rannveig Björnsdóttir, Háskólinn á Akureyri; Rasmus Bertelsen, Nansen prófessor, Háskólinn á Akureyri; Reinhard Reynisson, Byggðastofnun; Rúnar Gunnarsson, Háskólinn á Akureyri; Saga Guðmundsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Sigurrós Friðriksdóttir, Umhverfisstofnun. Utanaðkomandi gestafyrirlesarar á fundum: Ágúst Hjörtur Ingþórsson, Rannís og Eyjólfur Guðmundsson, Háskólinn á Akureyri.

Þemahópur E

Hópstjóri: Sóley Kaldal, Landhelgisgæslan. Starfsmaður: Albert Guðmundsson, utanríkisráðuneytið. Guðbjörg Ríkey Th. Hauksdóttir, Háskóli Íslands; Hjalti Hreinsson, PAME; Elías Pétursson, Fjallabyggð; Björn Erlingsson; Snæfríður Grímsdóttir, Háskóli Íslands; Kolbeinn Proppé; Elva Gunnlaugsdóttir, SSNE; Snorre Greil, Landhelgisgæslan; Hekla Jósepsdóttir, Landhelgisgæslan; Íris Huld Christersdóttir, fjármálaráðuneytið; Jónas Egilsson, Langanesbyggð; Ingvar Eyfjörð, Álftavík; Haukur Óskarsson, Refskegg; Anna Lind Björnsdóttir, SSNE; Susan Christianen, TTO Iceland; Eyþór H. Ólafsson, Eimskip; Davíð Dominic Lynch, lögreglan; Eiríkur Bragason, Landhelgisgæslan; Helgi Guðnason, Landhelgisgæslan; Björgólfur H. Ingason, Landhelgisgæslan.

Apríl 2024